

Kviksjá lyga og mannlegs breyskleika

FASTEIGNASALAN  
**TORG**  
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. TÖLUBLAÐ 23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 3. JANÚAR 2023



Útsölnurnar eru hafnar og þegar Fréttablaðið leit við í Kringlunni um miðjan dag var margt um manninn enda mikið um tilboð í upphafi árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍÞRÓTTIR 12



Alexandra skín skært í Flórens

FRÉTTIR 4

Kínverjar spenntir að upplifa ævintýri á Íslandi



LÍFIÐ 22

## Flugfélag kaupir hlut í flugfélagi

**VIÐSKIPTI** Flugfélagið Mýflug hefur ásamt öðrum fjárfesti keypt stóran hlut í flugfélaginu Erni. Hörður Guðmundsson, eigandi Ernis, segir að með sölnunni sé verið að styrkja félögin til lengri tíma. Hann segir að með sölnunni sé verið að opna fyrirtækið fyrir almennum hluthöfum. Að sögn Harðar hefur salan ekkert með slæmt gengi í rekstrinum að gera.

Leifur Hallgrímsson, eigandi Mýflugs, var að vonum sáttur við kaupin og segir hann að Mýflug hafi verið að styrkja stöðu sína á innanlandsmarkaði með kaupunum.

„Ég held að það sé búið að leita að fjárfestum í þetta verkefni í tvö ár. Okkur var boðið að koma að þessu núna fyrir áramót. Við skoðuðum þetta með fleiri góðum aðilum og niðurstaðan var sú að fara í þetta verkefni,“ segir Leifur.

SJÁ SÍÐU 6

## Fjárhagur fólks versnar


Hlutfall fólks sem á erfitt með að ná endum saman hefur hækkad um 2 prósent frá því í sumar. Fjárhagurinn fer versnandi á höfuðborgarsvæðinu og hjá konum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**KÖNNUN** Fjárhagur heimilanna hefur harðnað frá því í ágúst, samkvæmt nýrri könnun Prósent. Þeim sem eiga ekki afgang um hver mánaðamót hefur fjölgað og þeim fækkað sem eiga talsverðan afgang.

Tólf prósent landsmanna safna nú skuldum eða þurfa að ganga á eigið sparifé til að ná endum saman. Þetta er hækkun um 2 prósent frá 9. ágúst, er Prósent gerði síðast slíka könnun. 24 prósent segjast ná endum saman með naumindum, sem er sama hlutfall og í ágúst. 36 prósent heimila eiga sem sagt erfitt með að ná endum saman.

Svör þeirra sem tóku afstöðu



■ Safnað talsverðu sparifé  
■ Safnað svolitlu sparifé  
■ Endar ná saman með naumindum  
■ Nota sparifé til að ná endum saman  
■ Safna skuldum

Í könnuninni í ágúst sögðust 16 prósent geta safnað talsverðum afgangi um hver mánaðamót, núna 13 prósent. 51 prósent á svolitinn afgang, aukning um 2 prósent.

Hinn versnandi fjárhagur virðist bitna fremur á konum en körlum. Fjárhagur er erfiður hjá 40 prósentum kvenna en 32 prósentum karla, eða 8 prósentu munur. Þessi munur mældist aðeins 3 prósent í sumar.

Nú segjast 37 prósent fólks á höfuðborgarsvæðinu eiga erfitt með að ná endum saman samanborið við 32 prósent í ágúst. Hlutfallið á landsbyggðinni hefur hins vegar lækkað úr 38 prósentum í 34.

Kjösendur Flokks fólksins og Sósíalístaflokksins eru í áberandi mestu fjárhagserfiðleikunum. Hlutfallið er 63 prósent í hvoru tilviki.

Könnunin var netkönnun framkvæmd 22. til 30. desember. Úrtakið var 4.000 og svarhlutfallið 49,6 prósent. SJÁ SÍÐU 8



Grínistar með ómögulega uppskrift



Mitsubishi Eclipse Cross PHEV 4x4

## Þægindi og frelsi




MITSUBISHI  
MOTORS  
Drive your Ambition

Hekla

Laugavegi 174, 105 Rvk. Sími 590 5000 www.hekla.is  
Höldur Akureyri BÍlasala Selfoss BÍlás Akranes BÍlakjarninn Reykjanesbæ BVA Egilstöðum

www.mitsubishi.is/eclipse



---

30 ÁR SEM BREYTTU ÖLLU

---

EGILL ÓLAFSSON  
TAKK FYRIR OKKUR



SAGAN HELDUR ÁFRAM

ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON  
VELKOMINN TIL TOYOTA



Blóð er almennt ekki aðgreint eftir bólusetningum að sögn Ínu Bjargar.

## Vilja blóðgjöf úr óbólusettum

erlamaria@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Þó nokkur erindi hafa borist Blóðbankanum þar sem beðið er um upplýsingar um það hvort einstaklingur, sem þurfi á blóðgjöf að halda, geti óskað eftir því að fá blóð úr einhverjum sem hafi ekki verið bólusettur gegn Covid-19.

Að sögn Ínu Bjargar Hjálmarsson, deildarstjóra Blóðbankans, er blóð almennt ekki aðgreint eftir því hvort blóðgjafi hafi þegið bólusetningu, hvort sem er við Covid-19 eða öðrum smitsjúkdómum.

„Þetta tíðkast ekki úti í hinum stóra heimi og við erum ekki að flokka blóð eftir því hvort blóðgjafi sé bólusettur. Þar af leiðandi getum við ekki afgreitt blóð eftir slíkum óskum,“ segir Ína Björg.

Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans, vill ekki tjá sig efnislega um málið, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um tiltölulega fáar fyrirspurnir að ræða. ■

## Styttist í Heimsmeistaramótið



Undirbúningur íslenska landsliðsins er hafinn af fullum krafti fyrir komandi Heimsmeistaramót sem fram fer í Svíþjóð og Póllandi. Landsliðið kom saman til æfinga í Safamýrinni en liðið mætir Þjóðverjum í tveimur æfingarleikjum áður en alvaran hefst í næstu viku. Ísland er í riðli með Portugal, Ungverjalandi og Suður-Kóreu en fyrsti leikur Íslands verður gegn Portugal þann 12. janúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fréttablaðinu dreift með nýjum hætti

benediktboas@frettabladid.is

**FJÖLMIDLAR** Breyting hefur verið gerð á fyrirkomulagi dreifingar Fréttablaðsins. Hætt verður að bera blaðið inn á heimili.

Fréttablaðið verður í staðinn aðgengilegt án endurgjalds á 120 fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Árborgarsvæðinu, Akranesi, Borgarnesi og á Akureyri og einnig á rafrænu formi eins og verið hefur.

Áfram verður unnið að frekari dreifingu blaðsins. Sá fjöldi sem les blaðið daglega á rafrænu formi, ýmist í appi eða á PDF-formi, hefur vaxið jafnt og þétt. Ekki er búist við að breytt dreifing muni hafa teljandi áhrif á lestur blaðsins.

„Ástæða þessarar breytingar er margþætt. Í fyrsta lagi höfum við



Jón Þórisson, forstjóri Torgs, útgáfufélags Fréttablaðsins.

hjá Torgi haft vaxandi áhyggjur af því að dreifing blaðsins væri ekki í samræmi við þau markmið sem við höfum gengið út frá og að dreifingarferlinu fylgdi óþarfa sóun,“ segir Jón Þórisson, forstjóri Torgs, útgáfufélags Fréttablaðsins.

Jón segir ekki hafa reynst unnt að breyta samningi við Póstdreifingu, sem dreift hefur blaðinu. ■

# Kínverjar segja landa sína mjög spennta fyrir Íslandi

Mikill fjöldi kínverskra námsmanna í evrópskum háskólum er á ferðalagi um Ísland í jólafríinu. Kínverskur hópur segir landa sína mjög spennta fyrir því að heimsækja Ísland nú þegar slakað hefur verið á reglum vegna Covid.

helgisteinar@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hópur kínverskra ferðamanna á Íslandi lýsir gríðarlegum áhuga landa sinna í Kína á að sækja Ísland heim. Ungmennin komu til Íslands fyrir gamlárskvöld og sátu öll á Íslenska barnum á síðasta ferðadegi sínum í gær.

„Þegar við lentum fórum við strax út á land og komum svo aftur til Reykjavíkur í dag. Það er búið að vera ótrúlega gaman hjá okkur og við höfum fengið að upplifa kuldan líka,“ segir Chen Jiu, kínverskur nemi við háskólann í Manchester.

Chen segir þetta vera fyrstu ferð þeirra til Íslands og að þau hafi öll verið mjög hrifin af náttúrunni. Hún var einnig mjög spennt að sýna blaðamanni allar myndirnar sem hún tók á símann sinn af norðurljósum og áramótabrennum.

Kínverjarnir í hópunum eru allir frá mismunandi borgum en eiga það sameiginlegt að stunda nám í evrópskum háskólum.

Þó nokkur fjöldi kínverskra ferðamanna á það til að heimsækja Ísland á þessum tíma árs á meðan háskólar í Evrópu eru í jólafríi. Þau segja að ferðin hafi verið skipulögð af ferðaskrifstofu sem sérniði ferðir fyrir Kínverja sem búsettir eru í Bretlandi.

Annar úr hópunum bætir við að hann hafi verið mjög hrifinn af því hversu fämennt það hafi verið á



Kínverski hópurinn sagðist vera mjög spenntur fyrir íslenskum mat.

FRÉTTABLAÐIÐ/HELGISTEINAR



Það vonast margir til að geta komið hingað sem fyrst.

Chen Jiu

ferðum þeirra en hópurinn fagnaði gamlárskvöldi á Hellu.

Þau vonast til að ferðalög til og frá Kína verði auðveldari á þessu ári en kínversk stjórnvöld ákváðu að aflétta ferðatengdum sóttvarnareglum frá og með 8. janúar. Eftir það munu erlendir farþegar sem fljúga til Kína ekki þurfa að sæta sóttkví við komuna til landsins og að sama skapi munu Kínverjar fá að ferðast til útlanda á ný.

„Það er rosalega mikill áhugi meðal Kínverja á að heimsækja Ísland og það vonast margir til að geta komið hingað sem fyrst,“ segir Chen brosandri áður en hún spyr blaðamann hvaða íslenska mat hann mæli með. ■

HVAÐ ER  
AÐ FRÉTTA?



Skannaðu kóðann



Kringlan

ÚLLALA

Kringlan

ÚTSALA



Kringlan

Ein stærsta

ÚTSALA

landsins er hafin

# Flugfélagið Mýflug kaupir hlut í flugfélaginu Erni

benediktarnar@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Flugfélagið Mýflug hefur ásamt öðrum fjárfesti keypt 77,1 prósent hlut í flugfélaginu Erni. Þetta staðfesta þeir Hörður Guðmundsson, eigandi Ernis, og Leifur Hallgrímsson, eigandi Mýflugs.

„Það eru nokkrir fjárfestar sem við vorum að selja hluta af fyrirtækinu og Mýflug er einn af þeim. Með sölnni er verið að styrkja félögin, bæði til þess að ná samlægum áhrifum og

styrkja félögin til lengri tíma. Þetta eru orðin gömul félög, Erni er 53 ára núna í vor og hefur verið leiðandi á sínum markaði. Ég hef verið að reka þetta sjálfur í tæplega 53 ár og fer að undirbúa það að opna fyrirtækið fyrir almennum hluthöfum. Það er eiginlega ástæðan bak við sölnu,“ segir Hörður.

„Við komum áfram að rekstri félagsins og ég kem áfram til með að stjórna hérna. Það var bara verið að opna fyrirtækið fyrir fjárfestum



Hörður Guðmundsson, eigandi flugfélagsins Ernis.

ef menn vilja koma og leggja peningana sína í góð fyrirtæki,“ segir Hörður, sem gerir ekki ráð fyrir neinum stórkostlegum breytingum á rekstrinum.

Hörður segir að flugfélagið sé rekið í plús og að salan hafi ekkert með tap að gera.

Leifur Hallgrímsson, eigandi Mýflugs, segir að með kaupunum sé Mýflug að styrkja stöðu sína á innanlandsmarkaði. „Ég held að það sé búið að leita að fjárfestum í þetta

verkefni í tvö ár. Okkur var boðið að koma að þessu núna fyrir áramót. Við skoðuðum þetta með fleiri góðum aðilum og niðurstaðan var sú að fara í þetta verkefni,“ segir Leifur.

„Við höfum talað fyrir því lengi, að við, Erni og Norðurland Air ættum að sameinast með einhverjum hætti. Þetta eru þrjú frekar lítil félög og eru nú ekki mikils megnug eða burðug en sameinuð geta þau kannski gert eitthvað af viti,“ segir Leifur. ■



Nýsköpun hefur gengið vel á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Samkeppnishæfni Íslands rýkur upp

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ATVINNULÍF** Ísland er í þriðja sæti á lista yfir samkeppnishæfustu lönd þegar kemur að vinnuafla í skýrslu samkeppnisstofnunarinnar IMD í Lausanne. Hefur Ísland hækkað um fjögur sæti á listanum á einu ári.

Í skýrslunni kemur fram að meðal styrkleika Íslands sé áhersla á menntun, fjöldi menntaðs fólks, tungumálakunnátta og árangur í fjárfestingum og nýsköpun.



**Meðal styrkleika Íslands er áhersla á menntun og árangur í nýsköpun.**

Í efsta sæti er Sviss og þar á eftir kemur Svíþjóð. Öll Norðurlöndin eru á meðal efstu tíu á listanum. Þýskaland er í 10. sæti, Bandaríkin í 16., Bretland í 28. og Kína á 40. sæti. Hæst stökk Perú, um 16 sæti, en Nýja-Sjáland féll um 13.

Samkvæmt IMD hefur hreyfanleiki starfsfólks minnkað síðan faraldurinn skall á. Þetta hefur ekki gengið að fullu til baka enn þá. ■

# Segir lokun Reykjanesbrautar ýta undir skoðun á lest til Keflavíkur

Mannfjölgun á Íslandi, stóruaukin ferðamennska og ferðateppur síðustu vikna sýna að taka þarf upp umræðuna um fluglest að mati forseta borgarstjórnar. Samtök ferðaþjónustunnar taka ekki illa í það.

bth@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar í Reykjavík, telur að lokun Reykjanesbrautar á dögum vegna ófærðar gefi meira tilefni en nokkru sinni til að leggja í gaumgæfilega skoðun á fluglest milli höfuðborgarinnar og Keflavíkurflugvallar.

Of mikill þrýstingur skapaðist að hennar sögn á innviði Íslands á árinu sem leið. Mannfjölgun á höfuðborgarsvæðinu nemi 12.000 manns á nokkrum misserum. Auk þess hafi verið mjög snjópungt undanfarið og spáð sé þremur milljónum erlendra ferðamanna innan tíðar. Það segir sig sjálft að mikið aukaálag skapist á innviði. Þegar Reykjanesbrautinni var lokað á dögum hafi ekki verið til nein varaáætlun og 30.000 manns lent í vanda.

„Við getum ekki lengur stungið höfðinu í sandinn. Það er tilvalið verkefni að úthýsa uppbyggingu lestar til Keflavíkur ef verkefnið reynist hagkvæmt en ákvörðun um þetta er vitaskuld á ábyrgð ríkisins,“ segir Þórdís Lóa.

Hún segir að horfa verði langt fram í tímann er kemur að samgöngum og minnka áherslu á einkabílinn í umhverfislegu tilliti.

„Við þurfum að skoða þetta mál af aukinni dýpt og ákefð með aukna áherslu á almenningssamgöngur í huga.“



Reykjanesbraut var lokað og fjölmargir urðu innlyksa í Leifsstöð eftir mikla ofankomu skömmu fyrir jól.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Við þurfum að skoða þetta mál af aukinni dýpt og ákefð með aukna áherslu á almenningssamgöngur í huga.**



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar í Reykjavík



**Samkvæmt athugunum hleypur kostnaður við fluglest á 100-200 milljörðum króna.**

Spurð hvort hún tali sama máli og formaður Viðreisnar á Alþingi í þessum efnum, segist Þórdís Lóa ekki hafa hugmynd um það.

Hún tali sem forseti borgarstjórnar og áhugamanneskja um atvinnulíf, ferðaþjónustu og umhverfisvernd.

„Þessi hugmynd er algjörlega þess virði að ræða hana frekar. Það eru ýmsir sem spyrja hvers vegna þeir komist ekki við komu í Keflavík í express-lest,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, inntur eftir viðbrögðum við hugmyndinni.

Hann telur þó að taka ætti umræðu um fluglest úr samhengi við ófærðarpælingar. „Þetta er stærra mál en svo að við hendum upp lest bara af því að það varð ófært tvo daga á síðasta ári. En lest yrði eflaust afskaplega góð viðbót við Keflavíkurflugvöll. Það stendur þó allt og fellur með hagkvæmni.“

Samkvæmt athugunum sem gerðar hafa verið hleypur kostnaður við fluglest að líkindum á 100 til 200 milljörðum króna. ■

## FÆRÐIN ER ALLTAF GÓÐ

Leyfðu Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid að spreya sig á krefjandi slóðum. Leiðin verður rafmögnuð. Bjóðum upp á 35"-37" og 40" breytingapakka.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÖÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300  
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

4x4e  
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS



# ÚTSALAN er hafin



Verslun opin **11-20** alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)



## Stríðsúlfur orðinn utanríkisráðherra

helgisteinar@frettabladid.is

**KÍNA** Fyrirverandi sendiherra Kína í Bandaríkjunum, Qin Gang, hefur tekið við sem utanríkisráðherra Kína. Qin Gang tók við af Wang Yi, sem hefur verið andlit utanríkisstefnu landsins síðan 2013.

Qin hefur verið sendiherra í Bandaríkjunum í rúmlega eitt og hálf ár. Hann fékk það verkefni að reyna að koma samskiptum landanna aftur í eðlilegt horf en þjóðirnar hafa átt í deilum undanfarin ár.

Nýja ráðherranum hefur verið lýst sem „stríðsúlfi“ sem er gælunafn



Qin Gang, er orðinn nýr utanríkisráðherra Kína

gefið kínverskum diplómötum sem þekktir eru fyrir að vera harðorðir í garð vestrænna þjóða. Nafnið er tilvísun í kínversku spennyndaseríuna Wolf Warrior.

Qin Gang sagði meðal annars árið 2020 að mynd Kína á Vesturlöndum hefði versnað vegna þess að fjölmiðlar í Evrópu og Bandaríkjunum hefðu aldrei sætt sig við uppgang Kínverja.

Hann hefur einnig sagt að kínverska þjóðin hafi litið að læra af hinum vestræna heimi. ■

# Fjórðungur býst við verri fjárhag

Ný könnun sýnir að stór hluti landsmanna býst við verri afkomu á árinu sem var að hefjast en því síðasta.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**KÖNNUN** Fjórðungur landsmanna telur að fjárhagur heimilisins verði verri árið 2023 en hann var árið 2022. 33 prósent telja að hann verði betri. Þetta kemur fram í nýrri könnun Prósents.

Sex prósent telja að fjárhagsstaðan verði miklu verri en á síðasta ári og 19 prósent að hún verði aðeins verri. Þá telja 6 prósent að hún verði miklu betri og 27 prósent að hún verði aðeins betri. Flestir, 43 prósent, búast við óbreyttri stöðu.

Almennt séð fer bjartsýni um fjárhaginn minnkandi með aldri. 50 prósent fólks á aldrinum 25 til 34 ára býst við betri fjárhag 2023 en 2022. Hjá 65 ára og eldri er hlutfallið aðeins 11 prósent. Karlar og fólk á landsbyggðinni er örlítið bjartsýnna en konur og fólk á höfuðborgarsvæðinu.


Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, segir úthlutanir fleiri á starfsstöðvunum um jólin. Það er Reykjavík, Suðurnesjum og Akureyri. „Við heyrum örvæntingu hjá fólki og það er erfíðara að láta enda ná saman,“ segir hún. Margir skjólstæðingar þurfa aðeins að leita sér aðstoðar fyrir jólin. Vilborg segir að það eigi eftir að koma í ljós hvort að þeir þurfi að leita oftast aðstoðar á árinu.



Úthlutanir hafa aukist hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

## Fjárhagsstaða fólks eftir stjórnmálaskoðunum



Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar

„Almennt leigumarkaðurinn er að fara með fólk,“ segir Vilborg. Staðan sé skárrí hjá leigjendum í félagslegu eða óhagnaðardrífnu leiguúrræði.

Eins og kemur fram á forsiðu hafa fjárhagserfiðleikar fólks aukist síðan í ágúst, þegar Prósents gerði síðast sambærilega könnun.

63 prósent kjósenda Flokks fólksins og Sózialistaflokksins eiga í erfiðleikum með að ná endum saman. Hjá Pírötum er hlutfallið 38 prósent, 37 hjá Viðreisnarfólki, 34 hjá Vinstri grænum, 32 hjá Framsóknarmönnum, 30 hjá Samfylkingarfólki og Miðflokksmönnum og aðeins 23 prósent hjá Sjálfstæðismönnum.

Þegar kemur að horfum fyrir árið 2023 eru Píratar bjartsýnastir. 45 prósent þeirra telja að árið verði farsælla fjárhagslega en árið 2022 og aðeins 18 prósent að það verði síðra.

Hjá Miðflokksmönnum og kjósendum Flokks fólksins búast 26 prósent við betri fjárhag en örlítið fleiri við verri árið 2023. Svartsýnin er hins vegar áberandi mest hjá Sósi-alistum. 21 prósent býst við betri og 40 prósent verri fjárhag.

Könnunin var framkvæmd 22. til 30. desember. Úrtakið var 4.000 og svarhlutfallið 49,6 prósent. ■



## Mínar síður

á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

### Álagningar- og breytingarseðlar fasteignagjalda í Reykjavík 2023 verða aðeins birtir á vefsíðunni [island.is](http://island.is) og á Rafrænni Reykjavík á árinu 2023.

Álagningar- og breytingarseðlarnir verða ekki sendir í pósti í samræmi við breytingu sem gerð var á lögum nr. 4/1995 sem tók gildi 1. janúar 2019, en þá er sveitarstjórn heimilt að senda tilkynningu um álagningu fasteignaskatts rafrænt.

### Á vef Reykjavíkurborgar undir „mínar síður“ geta fasteignaeigendur:

- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda (eftir 23. janúar 2023) og alla breytingarseðla þar á eftir
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur
- óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum, þar sem þeir verða líkt og áður ekki sendir út til greiðenda, 18-80 ára
- sent inn erindi vegna fasteignagjalda

Fasteignagjöld ársins 2023, yfir 25.000 kr., greiðast með ellefu jöfnum greiðslum á gjalddögum: 30. janúar, 4. mars, 2. apríl, 2. maí, 3. júní, 2. júlí, 2. ágúst, 2. september, 2. október, 1. nóvember og 3. desember

Gjalddagi fasteignagjalda undir 25.000 kr. er 30. janúar.

Fasteignagjöld í Reykjavík verða innheimt í netbönkum. Fasteignaeigendum er jafnframt bent á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum og boðgreiðslur af greiðslukortum.



Reykjavíkurborg

[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið [upplýsingar@reykjavik.is](mailto:upplýsingar@reykjavik.is) eða í síma 411 1111.

## Frakkinn Arnault orðinn ríkastur

benediktboas@frettabladid.is

**FJÁRMÁL** Elon Musk er fallinn af toppnum, samkvæmt lista Forbes, sem ríkasti einstaklingur í heimi og er Frakkinn Bernard Arnault orðinn sá ríkasti.

Arnault er nú metinn á 180 milljarða dollara sem er 33 milljörðum dollara meira en Musk. Velgengni Frakkans má rekja til velgengni lúxusmerkis hans, LVMH, sem á og rekur Louis Vuitton, Moët og Hennessy, en innan samsteyppunnar eru einnig ilmvoðn og aðrar snyrtivörur, úr og fleiri þekkt vín.

Musk sat á toppi Forbes-listans í fyrra og var þá metinn á 340 millj-



Elon Musk er ekki lengur ríkasti einstaklingur heims samkvæmt Forbes.

arða dollara en er núna metinn á 147 milljarða dollara. Það þýðir að hann er búinn að tapa ansi mörgum krónum og aukum á aðeins nokkrum mánuðum. ■



Það verður áfram frost á mestöllu landinu næstu daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

## Áfram frost á landinu næstu daga

benediktarnar@frettabladid.is

**VEÐUR** Íslendingar mega búast við áframhaldandi frosti næstu daga. Veðurfræðingur segir að það verði þó heldur mildara loft yfir landinu en undanfarið og engin átök í veðrinu.

Frá og með hádegi í dag verður komið nokkuð gott veður á landinu. „Það verður enn þá svolítill eljagangur vestan til en hann hættir að mestu leyti seinnipartinn. Það verður aðallega á Breiðafirði og Vestfjörðum sem það verða einhverjar leifar af eljum,“ segir Óli Þór Árnason, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

Óli segir að það verði ekki mikil úrkoma á landinu næstu daga, en búast má við úrkomubakka yfir Austurlandi.

„Annars er tiltölulega hægur vindur og lítil úrkoma. Það kólnar og frýstir á öllu landinu aftur, en svo dregur aftur úr frostinu á miðvikudag. Það má búast við 0 til 7 stiga hita víða,“ segir Óli.

Víða var blautt á landinu og því þarf að fara með gát þegar frýstir á ný. „Fimmtudagurinn er í raun bara það sama, það verða leifar af þessum úrkomubakka yfir austanverðu landinu, en annars rólegur vindur og ekkert svaklegt frost,“ segir Óli. ■



# GILDI

## Það er kominn tími til að tala um gildi

Þegar mörg okkar láta sér nægja að lesa fyrirsagnir og fletta samfélagsmiðlum, sjáum við tækifæri í því að tala um innihald. Þegar umræðan einkennist meira og minna af átökum og upphrópunum, sjáum við tækifæri til að tala um hugmyndir. Hugmyndir til að skapa, ná árangri, finna innri styrk og gefa lífinu tilgang.

Gildi eru óskrifaðar reglur sem við víkjum aldrei frá og eru okkur leiðarljós til að ná árangri og leggja grunn að hamingjusömu lífi. Góð gildi gera okkur að áhrifamiklum og mætum manneskjum.

**Hver eru þín gildi?**

**Dale Carnegie®**

Sjáðu meira um gildi á [dale.is](http://dale.is)

## Blaðið okkar



Sigmundur Ernir  
Rúnarsson  
ser  
@frettabladid.is

Tímamót eru í dreifingu Fréttablaðsins á nýju ári, en það verður nú aðgengilegt tryggum lesendum sínum á opinberum stöðum, víðast hvar á landinu, í stað þess að því sé dreift í öll hús á helstu þéttbýlisstöðum landsins.

Eftirleiðis ratar hvert prentað eintak blaðsins sannarlega í hendur þeirra sem ætla sér að lesa það. Og þar er lykilbreytingin komin, en raunveruleg nýting á hverju eintaki þess verður meiri en nokkru sinni.

Ætla má að lestur blaðsins verði áfram mikill, ef ekki meiri en hann hefur verið á síðustu misserum, en samkvæmt viðurkenndum könnunum er lestur Fréttablaðsins nú yfir 28 prósent meðal landsmanna en mælist 35 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Ritstjórn blaðsins og aðrir starfsmenn þess munu kappkosta að gefa áfram út fjölbreytt og áhugavert dagblað með vönduðum fréttaumfjöllunum og áhugaverðum viðtölum, en margvíslegar nýjungar í efnistöku, áherslum og útliti munu líta dagsins ljós á næstu vikum og mánuðum.

Með breytingunum verður sýnileiki blaðsins áfram mjög mikill, en því verður dreift á ríflega 120 fjölförnum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Árborg, Ölfusi, Akranesi, Borgarnesi, Akureyri og víðar.

Áfram verður unnið að frekari dreifingu blaðsins með nýjum hætti, en til að byrja með tryggir hún snertiflöt við 85 prósent landsmanna. Þá hefur sá fjöldi sem les blaðið daglega á rafrænu formi vaxið jafnt og þétt.

Ástæða þessarar breytingar er margþætt, en umhverfisþátturinn vegur þar þungt. Ætla má að með aldreiþingunum blaðsins á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri á síðustu tveimur áratugum hafi blaðið ratað til fleiri en þeirra sem hafa áhuga á blaðalestri. Dreifingarferlinu hefur þar af leiðandi fylgt óþarfa sóun. Og það er hiklaust í samræmi við vaxandi umhverfisvitund að lágmarka kolefnisspor af dreifingu dagblaða.

Þá er því heldur ekki að leyndu að aldreiþing með gamla laginu, jafnt til tryggja lesenda blaðsins og hinna sem lesa það sjaldan eða aldrei, er óhemju kostnaðarsöm fyrir einkarekinn fjölmiðil, en ætla má að kostnaður á nýbyrjuðu ári hefði orðið yfir einn milljarður króna.

Eins og aðrir einkareknir fjölmiðlar keppir Fréttablaðið á fjölmiðlamarkaði sem sjálft ríkisvaldið hefur ákveðið að hafa rammskakkan, opinberum ríkismiðli landsins til slíkra hagsbóta að það er í sjálfru sér undrunarféni að aðrir ritstjórnir fréttamiðlar skuli vera starfandi í landinu. En Fréttablaðið mun samt áfram standa sína vakt. ■



Ástæða þessarar breytingar er margþætt, en umhverfisþátturinn vegur þar þungt.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

## Spurt af hverju ekki

Það var hálfgrámyglulegt að rífa sig upp snemma í gærmorgun til að halda til vinnu. Góðu fréttirnar voru að fótboltinn um alla Evrópu gat stýtt manni stundir. Allt saman byrjaði þetta klukkan 12 þegar Glasgow-risarnir mættust og svo lauk þessari veislu gærdagsins með Brentford-Liverpool. Af hverju var spilað í gær? gætu einhverjir hugsað, en útskýringin er einföld. Það var nefnilega frídagur sem lenti um helgi og hann færðist því yfir á mánudag. Um alla Evrópu nema auðvitað á eyjunni fögru í Norður-Atlantshafi. Öll Evrópa byrjaði árið bara á því að slaka á en hér á Íslandi er það bannað – með lögum.

## Einn laugardagur

Jólin voru sannkölluð vinnuól og nú þegar vinnumarkaðurinn er að jafna sig eftir Covid kom í ljós að enginn átti neina frídaga inni. Því var opið á flestum leikskólum enda þurftu foreldrarinn að mæta til vinnu. Það hefur verið rétt og ritað um að færa frídagana yfir á næsta virka dag í gegnum tíðina og frumvarp þess efnis liggur fyrir hinu háa Alþingi. Fljótt á titið virðist árið fullt af frídögum en yfirleitt er það á virkum dögum nema 17. júní. Hann ber upp á laugardegi. Sem myndi þýða einn skitinn mánudag í frí. Það er allt og sumt. ■

## Ár uppbyggingar fram undan



Dagur B.  
Eggertsson  
borgarstjóri

Við getum titið stolt til baka á síðustu ár og hvernig við tókumst á við heimsfaraldurinn og margvíslegar afleiðingar hans. Starfsfólk Reykjavíkurborgar var víða í framlinunni og vann magnað starf. Því verður seint fullþakkað. Endurreisnaráætlun borgarinnar, Græna planið, reyndist framúrskarandi í þessum verkefnum og gerir enn. Borgin vex út úr vandanum sem kóvid skildi eftir sig. Það er lyklatríði að taka á fjármálum en standa um leið vörð um mikilvæga þjónustu og tryggja að grænn vöxtur og innviðafjárfesting haldi áfram þótt verðbólga og þensla hafi tekið við af samdrætti og atvinnuleysi.

Endurskoðað aðalskipulag Reykjavíkur til 2040 leggur grunn að kraftmikilli húsnæðisuppbyggingu fyrir alla tekjuhópa. Áhersla er lögð á skilgreinda þróunarása borgarinnar og uppbyggingu húsnæðis í tengslum við hágæða almenningsgöngur og að Reykjavík verði framúrskarandi hjólaborg. Árið 2023 munu framkvæmdir hefjast við Borgarlínu og brú fyrir Fösvog. Hjólréiðaaætlun verður framfylgt af krafti og vonir standa til að árið hefjist á tímamótasamkomulagi milli ríkis og borgar um leiðandi hlutverk borgarinnar í húsnæðisuppbyggingu næstu ára. Framkvæmdir við íbúðir á Ártúnshöfða og í Skerjafirði munu hefjast af krafti, Hlemmtorg fær loks endanlega andlitslyftingu og framkvæmdir í Kvos við hið magnaða svæði milli Lækjartorgs og Hörpu taka á sig endanlega mynd. Þremur og hálfum milljarði króna verður á næsta ári varið til nýrra leikskólalássa fyrir yngstu börnin til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og viðhalds- og endurbótaverkefni í skólum og leikskólum verða áfram í forgangi.

Reykjavík er ein hundrað borga í Evrópu sem ESB hefur valið til að vera í forystu í leiðangri að því að ná kolefnishlutleysi. Borgin vill því vinna áfram þétt með atvinnulífi og samfélaginu í að ná þeim árangri í loftslagsmálum sem þarf og móta Loftslagssamning Reykjavíkurborgar til að tryggja þann árangur og aðgerðir sem þarf. ■



Árið 2023 munu framkvæmdir hefjast við Borgarlínu og brú fyrir Fösvog.

**MATUR OG HEIMILI**  
MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00 OG 21.00

BYKO GKS Læsum HRINGBRAUT

# Hættur stafa af skógrækt



**Hjálmar Waag Árnason**  
áhugamaður um íslenska náttúru

Bréfritari gefur sér að í flestum Íslendingum búi einhver aðdáun á íslenskri náttúru. Þarf ekki annað en að sjá hvernig við flykkjumst í þúsunda tali út í náttúruna þegar færi gefst. Við þenjumst af stolti þegar erlendir aðilar (helst frægir) prisa landslagið á Íslandi enda orðið heimsþekkt í alþjóðlegum kvikmyndum og auglýsingum. Sum sé, við elskum náttúruna. En nú er vá fyrir dyrum.

Grundvallaratriði í allri náttúruvernd er að viðhalda fjölbreytileika lífríkis. Það eru þær skyldur sem við berum gagnvart komandi kynslóðum. Óhjákvæmilega verða árekstrar milli mannfólks og náttúru í viðleitni til að búa okkur þokkaleg lífsskilyrði. Kúnstin er að halda raski á náttúrunni sem minnstu. Erfitt getur verið að finna hvar skynsamleg mörk liggja og um þau er deilt. Sumar aðgerðir okkar byrja í góðri trú en snúast svo upp í andhverfu sína. Dæmi um það er lúpínan – mér liggur við að segja: bólvuð lúpínan.

## Veður yfir allt!

Undirritaður hefur átt því láni að

fagna að hafa stundað veiðar við Laxá í Leirársveit í áratugi. Lengst af nutum við dvalar við ána og á milli kasta gátum við notið umhverfisins. Viða mátti sjá hina fallegu eyrarrós, mófuglar létu vel af sér vita – m.ö.o. hin villta, íslenska náttúra veitti okkur dásamlegan unað. Í dag er eyrarrósin horfin sem og mófuglarnir og árbakkar eru óþekkjalegir. Hvað veldur? Lúpínan hefur dreift sér niður með allri ánni og skriður hratt upp eftir bökkunum. Fjölbreytileikinn við árbakkann er horfinn af því að við förum okkur óvarlega með innflutta plöntu. Svipuð dæmi má sjá svo víða þar sem lúpínan skriður yfir mela og móa og útrýmir því sem fyrir er. Þetta kannast líklega flestir við. En nú virðumst við ætla að feta sömu leið í draumum okkar um skóga. Ástæða er til að staldra við og íhuga hvert stefnir í skógrækt.

## Stefnuleysi ógnar

Skógræktarstjóri hefur kynnt að á næsta ári verði um 7 milljónum trjáa plantað – á vegum Skógræktar ríkisins (+ það sem einkaaðilar gera). Taldar eru upp margar tegundir trjáa og látið að því liggja að flytja þurfi jafnvel inn tré þar sem innlend framleiðsla ánni ekki eftirspurn. Í hinu skóglitla Íslandi höfum við látið okkur dreyma um íslenskan skóg og þar sem vel hefur tekist nýtur skógarriðrið vinsælda almennings. Sjálfur er ég í þeim hópi. Margt bendir þó til að við höfum farið offari í þessum



**Lúpínan hefur dreift sér niður með allri ánni og skriður hratt upp eftir bökkunum. Fjölbreytileikinn við árbakkann er horfinn af því að við förum okkur óvarlega með innflutta plöntu.**

efnum. Ríkið ver hundruðum milljóna í skógrækt en þar virðist ríkja algjört stefnuleysi. Bara að planta trjáa sem víðast og hafa tegundir sem flestar. Getur verið að við séum á sömu leið með skógræktina og við förum með lúpínuna?

Norðmenn hafa vaknað upp við vöndan draum. Þeir vörðu milljónum í skógrækt – svipað og við erum að gera – en eru nú að ná áttum og verja orðið milljónum í að eyða skógum! Sumar ágengar tegundir einfaldlega hafa tekið völdin með alvarlegum afleiðingum. Má þar nefna eyðingu gróðurs sem er fyrir (skógarbotn verður súr og fátt þrifst í honum, mófuglar hopa, útsýni hverfur o.s.frv.) Hjá okkur ríkir enn

„villta vestrið“ og við erum hvött til að planta trjáa úti um allar koppa-grundir. Afleiðingarnar eru að byrja að koma í ljós og eiga eftir að versna á löngum tíma.

Hvað er til ráða?

## Mörkum stefnu

Fyrsta skrefið er að móta stefnu – Hverju viljum við ná fram með skógrækt? Viljum við tré alls staðar? Viljum við afmarka svæði fyrir skógrækt, sbr. Heiðmörk og slíka staði? Hvaða tegundir viljum við sjá hér? Fræðimenn benda á að ýmsar tegundir séu um of ágengar og hafi til lengri tíma svipuð áhrif og lúpínan. Þar hafa sérstaklega verið nefndar tegundir á borð við stafafuru og sitkagreni. Sú fyrrnefnda, a.m.k., mun dreifa sér sjálf. Jarðvegur um hana verður gegnsúr og drepur allan annan gróður.

Viljum við há tré alls staðar? Hvað segja ferðamenn sem hingað koma til að njóta víðernis í íslenskri náttúru. Dæmi eru þegar um að há tré séu farin að byrgja fyrir fallega útsýnisstaði. Viljum við gróðursetja hvaða tegund sem er – bara að það sé tré?

Áfram má spyrja. Nýtum okkur langa reynslu frændþjóða á sviði skógræktar. Lendum ekki í því að láta ríkið borga fyrir gróðursetningu sem það í framtíðinni borgar svo fyrir að eyða. Lykilatriði hlýtur að vera sú skylda að marka stefnu á þessu sviði en ekki rasa um ráð fram eins og nú er gert. Náttúran og framtíðin eiga það inni hjá okkur. ■



Guðný Hildur Kristinsdóttir  
Framkvæmdastjóri

Ellert Ingason  
Sálmaskrár,  
útfararþjónusta

Emilía Jónsdóttir  
Félagsráðgjöf,  
útfararþjónusta

Guðmundur Baldvinsson  
Útfararþjónusta



Magnús Sævar Magnússon  
Útfararþjónusta

Helga Guðmundsdóttir  
Útfararþjónusta

Hinrik Norðfjörð  
Útfararþjónusta

Helena Björk Magnúsdóttir  
Útfararþjónusta

*Tökum á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi*

Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna



## Útfararþjónusta

*í yfir 70 ár*

Við veitum alla þjónustu tengda andláti ástvina

- Þjónusta um allt land og erlendis
- Þjónusta í heimahúsi og á stofnunum

Öll aðstaða í samræmi við tilefnið. Hlýlegt og fallegt húsnæði og nýir glæsilegir bílar.

Sjá nánari upplýsingar á

[utfor.is](http://utfor.is)

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

# Gengið í Flórens framar björtustu vonum

Landsliðskonan Alexandra Jóhannsdóttir hefur farið frá bærlega af stað með stórliði Fiorentina á Ítalíu. Eftir erfiða dvöl hjá Frankfurt hefur ljós hennar skinið skært í Flórens. Árið 2022 var blendið hjá Alexöndru með landsliði og félagsliðum en lauk á fráberan hátt.

helgifannar@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Alexandra Jóhannsdóttir hefur verið á mála hjá ítalska stórliðinu Fiorentina síðan í ágúst. Þaðan kom hún frá Frankfurt, þar sem hún hafði leikið í hálfri annað ár.

Þegar Fréttablaðið ræddi við Alexöndru var hún nýkominn aftur til Flórens eftir stutt jólafrí hér á landi. „Það var mjög gott að hitta vinina og fjölskylduna,“ segir þessi 22 ára gamli miðjumaður.

Tímabilið hefur verið gott það sem af er. Fiorentina situr í þriðja sæti, fimm stigum frá toppliði Roma. Alexandra segir klára bætingu á liðinu milli leiktíða.

„Á sama tíma í fyrra vorum við í sjötta, sjöunda sæti. Við höfum samt verið að tapa á mótum liðunum á toppnum svo við þurfum að gera betur þar. Mér fannst allt annað að sjá liðið í síðustu tveimur leikjum fyrir fri,“ segir Alexandra, sem skoraði einmitt sín fyrstu mörk fyrir Fiorentina í síðasta leik fyrir fri. Tvö mörk gegn Parma í 4-0 sigri.

## Að vakna úr dvala

Fiorentina er stórt lið á Ítalíu en hefur verið í dvala undanfarin ár. Síðast varð liðið ítalskur meistari voríð 2017.

„Tvö síðustu tímabil hafa verið skelfileg svo væntingarnar eru þær að gera betur. Markmiðið er sett á Meistaradeildarsæti og ég tel það raunhæft.“

Alexandra bendir á að ítalska deildin styrkst ár frá ári. Hún tekur sem dæmi árangur ítalskra liða í



Alexandra Jóhannsdóttir í leik með Fiorentina. Þar hefur hún stimplað sig rækilega inn á sinni fyrstu leiktið og er fastamaður í byrjunarliðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Meistaradeild Evrópu. Fyrir þetta tímabil var fækkað úr tólf liðum í tíu í deildinni. Spilaðar eru tvær umferðir og deildinni svo skipt upp í efri og neðri hluta að þeim loknum. „Svo að átta síðustu leikirnir á tímabilinu eru algjörir toppleikir. Maður fær það ekki í öðrum deildum.“

Hvað frammistöðu hennar hjá Fiorentina varðar er Alexandra afar sátt.

„Markmiðið var bara að komast í liðið og reyna að sanna mig. Manni er samt haldið á tånunum. Ég veit að ef ég skit upp á bak er ég tekin úr liðinu.“

Þetta hefur verið framar björt-



Mér fannst ég ekki fá tækifærið sem ég átti skilið að fá. Það styrkti mig samt bara meira andlega.

aðeins meiri en hér. Þær eru með 14-15 landsliðsmenn. En hvernig komið er fram við kvennaliðið er betra hjá Fiorentina.“

Upplifun Alexöndru hjá Frankfurt var ekki eins og sú hjá Fiorentina. Hún fékk fá tækifæri til að sanna sig.

„Ég skildi að ég fengi ekki alla leiki því ég kom inn í janúar. En mér fannst ég ekki fá tækifærið sem ég átti skilið að fá. Það styrkti mig samt bara meira andlega.“

## Næstum því ár hjá landsliðinu

Alexandra fór á láni í sitt gamla félag hér heima, Breiðablik, í sumar. Það gerði hún til að fá leiki undir beltíð fyrir Evrópumótið í Englandi með íslenska landsliðinu.

„Ég var bara að hugsa um EM. Mig langaði að spila og vera í toppstandi fyrir Evrópumótið. Það skilaði sér ágætlega fyrir mig að ná að sanna mig í nokkrum leikjum og þess vegna opnaðist þessi gluggi. Ég sé alls ekki eftir því.“

Alexandra var ekki hrædd við að taka eitt skref aftur á bak til að komast í sitt besta stand fyrir EM.

„Ég var bara að hugsa um sjálfa mig. Það var erfið að spila ekki neitt og ætla svo að fara að sanna sig.“

Ísland gerði jafntefli í öllum leikjum sínum í riðlakeppni EM og komst ekki áfram.

„Þetta var mikil næstum því ár. Að tapa ekki í riðlinum á EM en ekki komast áfram var mikill skellur. Það var líka sorglegt að komast ekki á HM. Þetta féll ekki með okkur í ár og átti ekki að gerast. Það er bara næsta ár, það er ekki hægt að spá meira í þessu.“

Sem fyrr segir er Fiorentina staðsett í Flórens og þar er ekki leiðinlegt að búa.

„Flórens er náttúrulega æði. Maður þarf bara að passa pasta-át og svoleiðis. Það er meiri sjarmi yfir þessari borg en öðrum. Maður er aðeins lengra frá fjölskyldunni en þau eru dugleg að koma. Þeim finnst það ekki leiðinlegt.“ ■

ustu vonum, að fá að byrja flesta leiki og spila 90 mínútur.“

## Karlarnir í fyrsta sæti

Kvennaliði Fiorentina er sinnt betur en víða þekktist. Betur má þó ef duga skal og er það markmiðið.

„Við fáum nýja aðstöðu á næsta ári sem er fyrir karla- og kvennaliðið. Þar er gert ráð fyrir okkur. Eins og er erum við að nota aðstöðu karlaliðsins. Ef þeir þurfa eitthvað fá þeir það. Við erum alltaf númer tvö. Það verður mikill munur að fá nýtt æfingarsvæði og vera með okkar svæði,“ segir Alexandra.

„Við fáum nýjan leikvang sem verður okkar. Nú erum við að spila 40 mínútum frá borginni. Ég fæ ekki þessa heimavallartilfinningu þar. Það á eftir að breyta miklu að fá nýjan völl.“

Aðstaða kvennaliðs Fiorentina er mun betri en sú sem Alexandra fékk að kynna hjá Frankfurt.

„Kvennaliði Frankfurt fær ekki einu sinni að æfa á svæði karlaliðsins. Þær eru settar í annað sætið og jafnvel þriðja. Getan þar er samt



## Kynningarfundur vegna vindorkugarðs innan Brekku í Hvalfjarðarsveit

Zephyr Iceland áformar að reisa u.þ.b. 50 MW vindorkugarð innan Brekku í Hvalfjarðarsveit. Í janúar n.k. (2023) mun fyrirtækið halda opinn kynningarfund um verkefnið og eru íbúar og hagsmunaaðilar hvattir til að mæta og kynna sér framkvæmdina.

Umsjón með mati á umhverfisáhrifum verkefnisins er í höndum EFLU. Á fundinum munu fulltrúar Zephyr Iceland og EFLU kynna framkvæmdina og helstu áherslur umhverfismatsins og svara spurningum fundargesta um verkefnið.

Fundurinn fer fram mánudaginn 9. janúar í Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit og hefst kl. 20.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

ÞRIÐJUDAGUR 3. janúar 2023



Regluleg hreyfing hægir á áhrifum og einkennum öldrunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR

## Regluleg hreyfing er mikilvæg

gummih@frettabladid.is

Mikilvægt er að eldra fólk takmarki kyrrsetu og hreyfi sig reglulega. Meginráðlegging fyrir eldra fólk er sú að það stundi miðlungs erfiða eða erfiða hreyfingu í minnst 30 mínútur á degi hverjum. Heildartímanum má skipta upp í nokkur tímabil yfir daginn, til dæmis 10-15 mínútur í senn.

Regluleg hreyfing hægir á áhrifum og einkennum öldrunar, veitir andlegan og líkamlegan styrk til að takast á við dagleg verkefni og hjálpar fólki að viðhalda getunni til að vera sjálfbjarga í daglegu lífi.

Styrktarþjálfun er sérstaklega gagnleg rosknu fólki, meðal annars til að viðhalda hreyfifærni og stuðla að auknu gönguöryggi. Í mörgum bæjarfélögum er boðið upp á leikfimi fyrir eldra fólk og víða eru gönguhópar og sundtímar sérstaklega fyrir eldra fólk.

Á heilsuvera.is eru tekin saman nokkur ráð fyrir fólk sem er 60 ára og eldra en ávinningur reglulegrar hreyfingar á efri árum er meðal annars:

- Aukinn styrkur og liðleiki.
- Úthald við leik og störf eykst.
- Betra jafnvægi.
- Minni hætta á byltum.
- Betri andleg liðan.
- Hjarta- og æðakerfið vinnur betur.
- Hægir á beinþynningu.
- Aukið sjálfstæði lengur.



Mæðgurnar Diana Íris Guðmundsdóttir og Íris Gunnarsdóttir, eigendur númer eitt, setja lýðheilsu landsmanna í öndvegi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Látum okkur líða sem best, alltaf

Margir setja sér markmið um bættu heilsu í upphafi nýs árs. Þín heilsa er ástríða heilsuvörufyrirtækisins númer eitt sem óskar landsmönnum gleðilegs og heilsusamlegs árs 2023. **2**

„Við mæðgur setjum okkur alltaf ný markmið fyrir komandi ár og höfum haft að leiðarljósi að þau séu raunhæf og hugsanlega ekki of krefjandi. Við höfum þá skoðun að litlu hlutirnir skipti máli og þegar kemur að bættri heilsu ber helst að nefna góða næringu, hreyfingu, svefn, hugleiðslu og öndun.“

Þetta segir Íris Gunnarsdóttir, stofnandi og eigandi heilsuvörufyrirtækisins númer eitt sem flytur inn fyrsta flokks bætiefni og vörur sem stuðla að betri liðan og heilbrigði. Númer eitt er fjölskyldufyr-

irtæki sem Íris rekur ásamt dóttur sinni Díonu Írisi Guðmundsdóttur.

Þær Íris og Díana Íris þakka öllum sínum tryggu og góðu viðskiptavinum samskiptin á árinu 2022 og hlakka mikið til að heyrast enn meira í þeim á nýjarinu.

„Á áramótum er gott að staldra við og hugleida forgangsroðun og hvað hugsanlega megi bæta á nýju ári. Margir nota þetta tækifæri til að fara yfir bætiefnainntökuna og skipuleggja hana betur. Við höfum trú á því að með því að taka inn gæðabætiefni, ásamt því að huga

að ofangreindum þáttum, getum við orðið besta útgáfan af okkur sjálfum,“ segir Íris.

### Fullkomin lausn fyrir gleymna

Vörumerkin eru nú sjö talsins og bætist áttunda vörumerkið við núna í janúar, en vörurnar fást í flestum apótekum, stórmörkuðum og heilsuvöruslunum. Fyrst má nefna eigið vörumerki, númer eitt, sem samanstendur af sótthreinsivörum með sérvöldum 100 prósent hreinum ilmkiarnaolíum sem gefa vörunum einstakan og ljúfan ilm.

Nýjasta vörulína númer eitt eru bætiefnabox í umhverfisvænum umbúðum sem innihalda fimm sérválin hágæða bætiefni fyrir hvern dag.

„Bætiefnaboxin eru fullkomin lausn fyrir þau sem eiga það til að gleyma að taka inn bætiefnin sín. Öll erum við ólík og því settum við saman sex mismunandi box fyrir fólk með ólíkar þarfir. Skammtastærðin er hárnákvæmt ákvörðuð og samsvarar meðferðarskömmtum sem jurtafær mæla með,“ upplýsir Íris um bætiefnabox

Alla daga gegn kulda og sól

Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup  
[www.celsus.is](http://www.celsus.is)

númer eitt sem koma í handhægum umbúðum sem er auðvelt að kippa með sér hvert sem er.

Hver dagskammtur inniheldur sérválin næringarefni og jurtir sem valin eru með samvirkni í huga.

„Mörgum þykir erfitt að feta sig áfram í heimi bætiefna enda er framboðið gríðarlegt og vörurnar eins misjafnar og þær eru margar. Stór hluti Íslendinga tekur inn bætiefni og flestum er umhugað um gæði þeirra. Gæði og virkni fara hönd og hönd og við lögðum strax ríka áherslu á að gæðin yrðu ofar öllu. Þess vegna leitum við til virtra framleiðenda í Danmörku sem vinna bætiefnin beint úr fæðu og uppfalla alla nauðsynlega gæðastaðla,“ greinir Íris frá.

Hún segir mörgum vaxa í augum að finna hvaða bætiefni sé best að taka.

„Einn stærsti kosturinn við bætiefnaboxin frá númer eitt er einfaldleikinn. Allt er í einum pakka og flækjustigið því ekkert. Maður velur einfaldlega pakkann sem hentar manni hverju sinni og tekur svo inn daglegan skammt,“ útskýrir Íris um bætiefnaboxin sem heita Kjarni, Kyrrð, Orka, Vörn, Kona 45+ og Karl 45+.

„Bætiefnaboxin frá númer eitt eru einföld, þægileg og örugg lausn. Þau eru framleidd á algjörliga náttúrulegan hátt og byggja á þekkingu úr hefðbundnum læknávisindum og á margra alda reynslu af lækningarmætti náttúrunnar. Áhersla er lögð á að opna augu fólks fyrir mikilvægi náttúrulegra bætiefna í plöntu- og matvælaformi. Við erum sannfærðar um að það sé formið sem líkama okkar er edlislægt að nýta til að fá næringarefni. Þess vegna líkast bætiefnin mjög mikið matvælum sem við neytum dagsdaglega,“ upplýsir Íris.

Vítamín, steinefni og jurtir bætiefnanna frá númer eitt eru unnin úr plöntum og án allra ónaúdsynlegra iðefna og aukefna.

„Þau eru mild, frásogast vel og eru náttúruleg viðbót við daglegt mataræði. Bætiefnin Karl 45+, Vörn og Kyrrð eru vegan og öll línan er glúten- og mjólkurlaus. Þannig stuðlum við að bættir lýðheilsu almennings og spurning dagsins ætti alltaf að vera: „Hvernig líður mér í dag?“ Okkar svar við því er ætíð það sama: „Láttu þér líða sem allra best, alltaf!“ segir Íris.

### Membrasin við þurrki

Í þeim frosthörkum og fimbulculda sem lagst hafa yfir Ísland að undanförunu hafa margir fundið fyrir þurrki í húð, hári, augum, nefi og leggöngum.

„Allt er gjörsamlega að skrælna, loftið er þurrt, náttúran er þurr og við erum þurr,“ segir Dána Íris. „Veðrinu stjórnun við ekki en við getum hjálpað kroppnum að tækla þennan leiðinda þurrk með Membrasin sem inniheldur góðar fitusýrur. Þær eru öflugar þegar kemur að því að vinna gegn þurrki og á síðustu árum hafa niðurstöður rannsókna sýnt að omega 7-fitusýran hjálpar til við þurrk en hún finnst meðal annars í hafþyrnisolíu sem Membrasin vörurnar innihalda.“

Membrasin vörurnar koma í pörum sem vinna vel saman en einnig hvor í sínu lagi.

„Membrasin Vision er sérhannað fyrir augu og fæst bæði til inntöku og með augnúða. Membrasin Vision-bætiefnið inniheldur einstaka blöndu af SBA24® hafþyrnisolíu sem er rík af omega 7, lúteini og zeaxantini til að vernda slímhúð augnanna,



Mæðgurnar Dána Íris og Íris setja sér alltaf ný og raunhæf heilsumarkmið um áramót.

FRÉTTAÐLAÐIÐ/VALLI



Kjarni er öflugt bætiefnabox.

### Reynslusögur



Ég hef tekið „KONA 45+“-bætiefnaboxið frá númer eitt síðustu 3 mánuði og finn að ég hef miklu meiri og jafnari orku yfir daginn. Hárið mitt hefur aldrei verið eins gott og það tengi ég einungis við að vítamínin eru að hafa áhrif. Ég sef líka betur og þó svo ég vakni að nóttu til þá sofna ég strax aftur, það er alveg nýtt fyrir mér. Mæli 100% með!

Íris Björk Jónsdóttir



Ég byrjaði að taka inn „KJARNA“ fyrir sjö mánuðum. Tók það inn í tvo mánuði og ákvað þá að skipta yfir í „ORKU“-boxið, en fann fljótt að mig langaði að skipta aftur yfir í „KJARNA“, hann einfaldlega hentaði mér betur. Ég á auðveldara með að vakna á morgnana, er með jafnari orku yfir daginn og þarf ekki á orkudrykkjum að halda eins og áður. Ég er líka einbeittari og finn mikinn mun á meltingunni.

Jóhann Marel Viðarsson



Membrasin er frábær lausn fyrir þurra húð, hår, augu, nef og leggöng.

sjónhimnu og táfílmum. Hún styrkir augnbotnana og verndar gegn bláum geislum frá tölvu og skjáum farsíma,“ upplýsir Dána Íris og heldur áfram:

„Þess má geta að SBA24® hafþyrnisolíu er sú olía sem mest hefur verið rannsökuð á heimsvísu. Samsetning, öryggi og verkun hafa verið klínískt sannreynd.“ Vision-augnúðinn er vegan og inniheldur hafþyrnisolíu og hýalúrónat.

„Hafþyrnisolíu styrkir fitulag táfílmunnar og ver augun gegn þurrki. Hýalúrónat styður við vatnsbindigetu tärvökvens, smyr augun og kemur í veg fyrir frumuskemmdir. Hún hentar vel fyrir viðkvæm augu og engin vara með hliðstæð innihaldsefni er á markaði,“ útskýrir Dána Íris um Membrasin vörurnar sem eru framleiddar í Finnlandi undir ströngustu gæðakröfum og flokkaðar sem lækningatæki með sannaða virkni.

Membrasin Moisture eru sérhannaðar vörur sem vinna gegn þurrki í húð og slímhúð og samantanda af bætiefni til inntöku og kremi til að nota í leggöng og á kynfæri.

„Talið er að átta af hverjum tíu konum upplifi leggangaþurrk einhvern tímátt á ævinni. Bætiefnið er algjört dundur fyrir alla slímhúð og húðina almennt og margir taka það í vetrarþurrkinum. Bætiefnið inniheldur omega 3, 6, 7 og 9 fitusýrur og A- og E-vítamín. Kremið er hormónalaus meðferð sem hefur góð áhrif á bakteríuflöru legganga og er það allra besta sem við getum gert til að næra slímhúðina innan frá. Kremið inniheldur hreina hafþyrnisolíu, hýalúrónsýru

og mjólkursýrur til að viðhalda réttu sýrustigi í leggöngum,“ greinir Dána Íris frá og nefnir að nú í janúar bætist þriðja parið við vörlínuna sem sérstaklega er ætlað fyrir einstaklinga með mjög viðkvæma, þurra húð og exem.

### Hágæða freyðitöflur

Fyrirtækið flytur inn hágæða freyðitöflur frá Trace Minerals sem eru vegan, glúten- og sykurlausar, GMP-vottaðar og án erfðabreyttra hráefna. Vörlínan samanstendur af fjórum tegundum, það er magnesíum og steinefnasöltum.

„Um 75 prósent einstaklinga fá ekki nægilegt magnesíum úr daglegri fæðu. Magnesíum fyrirfinnst í mörgum fæðutegundum, svo sem kjóti, fiski, brauði, pasta, hrisgrjónum og mjólkurvörum, en mataræði okkar hefur breyst mikið frá því sem áður var,“ segir Íris.

Magnesíum er nauðsynlegt fyrir gott andlegt jafnvægi, sterk bein og tennur, það bætir svefn,

hefur góð áhrif á hjarta- og æðakerfið, getur unnið gegn of háum blóðþrýstingi, stuðlar að eðlilegri slökun vöðva og vinnur gegn sindrætti og fótáóeirð.

„Magnesíum stuðlar að eðlilegri vöðva- og taugastarfsemi og er eitt af aðalefnunum sem þarf til að byggja upp og styrkja bein. Þá spilar það stóran sess í nær 300 lífefnafræðilegum ferlum líkamans,“ upplýsir Íris.

Max-Hydrate Energy, Endurance og Immunity innihalda steinefni og sölt.

„Ef okkur skortir steinefni og sölt getum við fundið fyrir ein-kennum eins og orkuleysi, minnistruflunum, fótápirringi eða þurrki í húð svo eitthvað sé nefnt. Trace Minerals freyðitöflurnar viðhalda eðlilegu jafnvægi vökvabúskaðar okkar; þær eru einstaklega góðar á bragðið og án allra aukefna og sykurs,“ greinir Íris frá.

### Melatónín loksins á Íslandi

Þær Íris og Dána Íris segja sanna ánægju að kynna fyrir landsmönnum Sleep Aid-munnúðann sem inniheldur 1 milligramm af melatóníni og var nýlega leyft í sölu á Íslandi.

„Sleep Aid er fyrir þá sem eiga í vandræðum með að festa svefn, vakna oft á nóttunni eða eru með svefntruflanir. Góður svefn er nauðsynlegur til að viðhalda eðlilegri líkamastarfsemi og góðri heilsu. Ef við fáum ekki nægan svefn getur það valdið vanlíðan og aukið hættu á ýmsum kvillum, sérstaklega ef um langvarandi svefnleysi er að ræða,“ segir Dána Íris.

Svefntruflanir geti verið af ýmsum ástæðum, til dæmis af völdum álags og sjúkdóma.

„Þá eru ákveðin hópar í meiri hættu á svefntruflunum en aðrir; þau sem vinna vaktavinnu, ferðast oft á milli landa, þjást af kvíða, þunglyndi eða langvarandi verkjum, og konur á breytingaskeiði,“ útskýrir Dána Íris.

Sleep Aid melatónín munnúðinn er bragðgóður og inniheldur 200 dagskammta. Hann er vegan, laktósa- og glútenfrí, einfaldur og þægilegur í notkun og aðeins fyrir fullorðna.

„Melatónín stýttir tímátt sem þarf til að sofna og gagnleg áhrif koma fram þegar 1 milligramm af Sleep Aid melatóníni er neytt rétt fyrir svefn. Talið er að munnúði nýttist líkamanum allt að 50 prósent betur en hefðbundnar töflur og hylki því innihald hans frásogast beint í gegnum slímhúð munnholts og út í blóðrásina,“ útskýrir Dána Íris. ■

Vörurnar fást í flestum apótekum, störmörkuðum og heilsuvöruevslunum. Allar nánari upplýsingar á [numereitt.is](http://numereitt.is).



Til vinstri má sjá Sleep Aid melatónín-munnúðann sem fæst loksins á Íslandi. Til hægri má sjá úrval freyðitöflunnar frá Trace Minerals.

Fæðubótarefni ættu ekki að koma í staðinn fyrir fjölbreytt mataræði og heilbrigðan lífsstíl. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Allt er kynningarbláð sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf. Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Guðmundur Hilmarsóon, gummih@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sándra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Frey Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sólumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652. Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654. Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Fasteignablaðið

1. TBL. 3. JANÚAR 2023

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

## VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM

Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

**LANDMARK**  
 FASTEIGNAMIÐLUN

Reykjavík  
Snæfellsbæ  
Höfn Hornafirði

**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA  
STOFNUN 1995

588 4477  
Síðumúla 27  
www.valholl.is

 Ingólfur Geir Gissurarson Fránkræmdastjóri, lögg. fasteignasali, leigumíðlari 896 5222 ingolfur@valholl.is	 Heiðar Friðjónsson Sölustjóri, löggiltur fasteignasali B.Sc. 693 3356 heidar@valholl.is	 Hildur Harðardóttir Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali, skjalagerð. 897 1339 hildur@valholl.is	 Snorri Snorrason Löggiltur fasteignasali 895 2115 snorri@valholl.is	 Hölmfríður Björgvinsdóttir Ritari 588 4477 ritari@valholl.is
 Jónas H. Jónsson Lögg. fasteignasali Eignaskiptayfirlýsandi 842 1520 jonas@valholl.is	 Pétur Steinar Jóhannsson Aðstoðarm. Fasteignasala Snæfellsnesi 893 4718 petur@valholl.is	 Anna F. Gunnarsdóttir Löggiltur fasteignasali Listi og innanhúsi stílísti 892 8778 anna@valholl.is	 Sturla Pétursson Löggiltur fasteignasali 899 9083 sturla@valholl.is	 Elin Viðarsdóttir Löggiltur fasteignasali 695 8905 elin@valholl.is

**Framúrskarandi fyrirtæki** | **Fagleg þjónusta**  
**Vönduð vinnubrögð**

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Húsið á Seljavegi 10 er hentugt fjölskylduhús sem hefur verið einkar vel við haldið.

MYNDIR/ÞSENDAR

## Glæsilegt hús með sögu

Jórunn Skúladóttir, löggildur fasteignasali, og fasteignasalan Miklaborg, kynna til sölu einstaklega fallegt og sjarmerandi hús á Seljavegi 10 í pósthúsinu 101 Reykjavík.

Húsið var reist á árunum 1902 til 1905. Árið 1993 var byrjað að taka húsið í gegn og gert í áföngum næstu 25 árin. Komið er að úti-tröppum að aðalhæð hússins. Forstofan er opin og leiðir inn á allar hæðir hússins. Eldhúsið er L-laga, mjög rúmgott með fallegri hvítri innréttingu og góðri borðstofu. Úr eldhúsi er frönsk, tvöföld hurð inn í þrjár samliggjandi stofur. Stofurnar eru björt og falleg rými með fallegum sérsníðnum gluggum ásamt gólflistum, loftlistum og rósettum. Úr stofu er útgengt á stóra verönd til vesturs og þaðan fagurt útsýni út á vögninn í átt að Granda.

A efri hæð eru tvö svefnherbergi og rúmgott baðherbergi með glugga, flísalagt og mjög rúmgott, allt endurnýjað árið 2006. Fallegur stigi liggur upp í risið þar sem er



í húsinu eru þrjár samliggjandi, bjartar og fallegar stofur. Þaðan er útgengt á stóra verönd til vesturs.

hjónaherbergi með fataherbergi, og gott aukaherbergi. Í kjallara er hol, þvottahús, skrifstofa, snyrting, köld geymsla og svefnherbergi sem hefur verið sameinað í eitt en möguleiki er að breyta til baka í tvö herbergi, ef vill. Úr holi í kjallara er útgengt í garðinn. Lóðin er afgirt, mjög rúmgóð og snyrtileg. Þar er pláss fyrir tvo til þrjá bíla en fríðað svæði er norðan megin við húsið.

Um er að ræða einstaka eign þar sem vandað hefur verið til endurbóta. Glæsilegt hús með sögu og

sem er sérlega notalegt og einstaklega vel hannað. Stór verönd út úr stofu og með útsýni til sjávar gefur eigninni aukið vægi. Þetta er hentugt og umvefjandi fjölskylduhús. Staðsetning hússins innan hverfisins er frábær og stutt í allar áttir. ■

Upplýsingar veitir Jórunn, löggiltur fasteignasali, í síma 845 8958 og á jorunn@miklaborg.is. Opið hús laugardaginn 7. janúar klukkan 14.

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

# 2002 - 2022

## Á traustum grunni í 20 ár




Grensásvegur 3, 2 hæð 108 Reykjavík Sími 530 6500 heimili@heimili.is heimili.is



Fasteignaleitin

# Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



# Fasteignablaðið

Fasteignablað Fréttablaðsins kemur út alla þriðjudaga



[frettabladid.is](http://frettabladid.is)



**Þátttakandi  
í íslensku  
atvinnulífi  
í meira en  
50 ár**



# BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Garðabær  
Reykjavík: Bryggjuhverfi og Grafarvogur



**BÚSETI**  
40 ÁRA

## GARÐHÚS 8 · 112 RVK.



62,8  
ferm.

2ja  
herb.

101  
íbúð nr.

Búseturéttur: 5.677.540 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 176.236 kr.  
Mögulegt lán: 1.100.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Í mars.

## NAUSTABRYGGJA 9 · 110 RVK.



67,5  
ferm.

3ja  
herb.

102  
íbúð nr.

Búseturéttur: 7.982.636 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 194.880 kr.  
Mögulegt lán: 3.990.000 kr.  
Afhending: Í lok mars.

## NAUSTABRYGGJA 9 · 110 RVK.



80,9  
ferm.

3ja  
herb.

401  
íbúð nr.

Búseturéttur: 9.612.649 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 227.609 kr.  
Mögulegt lán: 4.800.000 kr.  
Afhending: Í lok mars.

## MARÍUGATA 7 · 210 GBR.



83,7  
ferm.

3ja  
herb.

102  
íbúð nr.

Búseturéttur: 12.754.892 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 260.750 kr.  
Mögulegt lán: 6.377.000 kr.  
Afhending: Í júní.

### ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

### INNIFALID Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

Birt með fyrirvara um villur og breytingar

### BÚSETI ER STOLTUR AÐILI AÐ:

 **Festa**  
miðstöð um  
samfélagsábyrgð

 **GRÆNN  
BYGGÐ**

### ÁÐUR AUGLÝSTAR ÍBÚÐIR

Fyrsta umsækjenda gefst kostur á að ganga frá kaupum óháð félagsnúmeri. Ef ekki berst hámarkstilboð hefur seljandi rétt til að gera gagntilboð eða hafna tilboðinu.

Með því að skanna QR kóðann ferðu beint inn á lausar íbúðir á vef Búseta.



### NÝTT Í SÖLU

Sótt er um á vef Búseta, [www.buseti.is](http://www.buseti.is)  
Umsóknarfrestur: Til 11. jan kl. 16:00.  
Rafræn úthlutun: 12. jan. kl. 10.00.  
Umsækjendum er ráðað í röð þar sem hæstbjóðandi er efstur. Þegar um sömu tilboðsfjárhæð er að ræða raðast umsækjendur eftir félagsnúmeri.

### VERTU Í SAMBANDI

[WWW.BUSETI.IS](http://WWW.BUSETI.IS)  
[buseti@buseti.is](mailto:buseti@buseti.is)  
Sími: 556 1000



vinnvinn

# HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í MELTINGUNNI?

Bio Kult Candéa inniheldur 7 tegundir  
frostpurrikaðra og sýrupolinna gerlastofna



Bio Kult Candéa er sérhönnuð  
góðgerlablanda sem hefur það að  
markmiði að styðja við heilbrigða  
þarmaflóru og heilbrigða flóru á  
viðkvæmum svæðum.

Bio-Kult góðgerlar henta vel  
sanhliða sýklalyfjum en mælt er  
með að Bio-Kult sé tekið 1-2 klst.  
eftir inntöku sýklalyfjanna fyrir  
bestan árangur.

**Bio-Kult**<sup>®</sup>  
Candéa<sup>®</sup>

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Spádómar

### SPÁMIÐILL ER BYRJUÐ AFTUR

• SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU  
MED HJÁLPI AÐ HANDAN  
• HEILLUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTTI  
S. 5574391

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Keypt & Selt

## Til sölu

### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



### Kassagítarar á tilboði

Gítarar og  
hljómborð  
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Til bygginga



### NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN

slétt beggia megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbýgginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnasklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihúðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrufur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarollur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

## Heilsa

## Heilsuvörur



## Húsnæði

## Húsnæði í boði

Pinulítill st. íb. 30fm f. reglusaman eldri einst. Sv. 108. Verð 120 þús. per mán. með hit/raf. Uppl. í s. 898-7868 milli kl. 11-16.

## Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



## FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

# HEILBRIGT LOFT HEILBRIGÐ HEIMILI

## LOFTRÆSTIKERFI MEÐ VARMAENDUVINNSLU

- BETRI LOFTGÆÐI
- RÉTT RAKASTIG
- MINNA RYK
- FÆRRI ÖRVERUR
- MINNA ORKUTAP



ER ÞÍN ÍBÚÐ EKKI ÖRUGGLEGA MEÐ GÓÐU LOFTRÆSTIKERFI?

**Íshúsið** **viftur.is**  
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



**FRÉTTA  
VAKTIN**

# FRÉTTAVAKTIN

**KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA**

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



HRINGBRAUT



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,  
tengdafaðir og afi,

### Einar Hafsteinnsson

rafvirki,

lést á heimili sínu 22. desember.

Útförin fer fram 6. janúar í

Kópavogskirkju kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Ljósíð njóta þess.

#### Ásrún Hauksdóttir

Helga Rós Einarisdóttir

Jónas Páll Marinósson

Guðrún Ósk Einarisdóttir

Tómas Bragi Kristjánsson

Haukur Magnús Einarsson

Snædis Arnardóttir

Marinó Freyr, Ragnhildur Sóley, Freydis Lóa,

Natalía Rós og Adrian Einar



Elskulegur faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

### Tryggvi Arason

sem lést á jólanótt 25. desember  
verður jarðsunginn frá Háteigskirkju  
föstudaginn 6. janúar kl. 11.

Ari Tryggvason

Ólafía Danielsdóttir

Björn Jakob Tryggvason

Erla Björk Steinarsdóttir

Sigríður Kristín Tryggvadóttir

Kári Tryggvason

Rannveig Rúnarsdóttir

barnabörn og langafabörn



Kær bróðir, frændi og hjálparhella,

### Theódór Helgi Ágústsson

múrari,

Sléttuvegi 19, Reykjavík,

lést 23. desember 2022.

Útför fer fram frá Fossvogskirkju

3. dag janúar 2023 kl. 15. Blóm og kransar  
afþakkaðir en bent er á Flugbjörgunarveitina, Reykjavík.

#### Systkinin frá Mjóstræti 10 og fjölskyldur

Ágústa Ágústsdóttir

Torfi H. Ágústsson

Geir Ágústsson



Tolkien hafði mikinn áhuga á Íslandi og las Íslendingasögurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Guðfaðir fantasíunnar

Í dag eru liðin 130 ár frá fæðingu J.R.R. Tolkien, höfundar Hobbitans og Hringadróttins sögu. Verk Tolkien ollu straumhvörfum í ævintýrabókmenntum og lifa enn góðu lífi í poppkultúr samtímans.

arnartomas@frettabladid.is

John Ronald Reuel Tolkien fæddist þann 3. janúar 1892 í smábænum Bloemfontein í Suður-Afríku. Foreldrar hans voru enskir en faðir hans, Arthur, hafði fengið þar starf í útibúi bankans sem hann starfaði hjá. Foreldrarnir eignuðust annan son 1894 en móðir drengjanna, Mabel, fór með þá heim til Englands ári síðar. Arthur varð eftir í Bloemfontein en lést stuttu síðar eftir veikindi.

Á Englandi kenndi Mabel drengjunum sjálf og var Tolkien námsfús drengur. Hann lærði snemma að lesa og hafði sterkar skoðanir á þeim ævintýraheimum sem hann kynntist í gegnum barnabókmenntir. Mabel lést árið 1904 og fluttu drengirnir þá til móðursystur sinnar í Birmingham. Þar kynntist Tolkien stúlkunni Edith Bratt sem varð síðar eiginkona hans.

Eftir að hafa byrjað að nema klassísk fræði við Exeter-háskólann í Oxford skipti Tolkien yfir í ensku og bókmenntir. Hann útskrifaðist frá skólanum með fyrstu einkunn 1915. Fyrri heimsstyrjöldin hafði brotist út árið áður og fór Tolkien beint í æfingabúðir eftir útskrift og þaðan til Frakklands, en hann tók sér þó tíma til að giftast Edith áður en hann hélt út. Eftir fimm mánuði á vígstöðvunum var hann fluttur aftur til Englands vegna veikinda.



Tolkien byrjaði seint að skrifa bækurnar. Við undirbúningsvinnuna gerði hann alls konar glósur og ritgerðir sem voru nánast eins og bland í poka af sögum og goðsögnum víðs vegar frá Evrópu.

Stefán Pettersson

#### Í holu í jörðinni...

Eftir að stríðinu lauk vann Tolkien ýmis fræðastörf, meðal annars sem kennari. Það var snemma á fjórða áratugnum, þar sem hann var við störf í Pembroke-háskólanum að fara yfir ritgerðir, að hann fann auða síðu. Tolkien lýsti því síðar að hann hefði fengið skyndilegan innblástur og skrifað á síðuna orðin „Í holu í jörðinni bjó hobbiti“. Hann hófst í kjölfar handa við að skrifa Hobbitann sem gefinn var út 1937 og hlaut góðar viðtökur meðal lesenda og gagnrýnenda.

Framhaldið af Hobbitanum sem Tolkien hafði ætlað sér að skrifa varð þó talsvert umsvifameira. Drögin að handritinu breyttust oft og hafði Tolkien lítinn tíma til að skrifa vegna starfa sinna og gafst hann einu sinni upp á verkefninu. Það var ekki fyrr en árið 1954 sem Föruneysi hringsins, fyrsti

hluti Hringadróttins sögu, var gefið út. Þrátt fyrir blendnar viðtökur í fyrstu urðu bækurnar griðarlega vinsælar og mótandi fyrir bókmenntasögu 20. aldar.

Tolkien hélt áfram að skrifa og sendi frá sér fjölda bóka áður en hann lést 2. september 1973. Nokkur af ókláruðum verkum hans, á borð við Silmerilinn, voru síðar gefin út af fjölskyldu hans.

#### Greiddi veg fantasíunnar

„Tolkien byrjaði seint að skrifa bækurnar. Við undirbúningsvinnuna gerði hann alls konar glósur og ritgerðir sem voru nánast eins og bland í poka af sögum og goðsögnum víðs vegar frá Evrópu,“ segir Stefán Pettersson sem hefur verið forfallinn aðdáandi verka Tolkien frá því að hann var barn. „Honum tókst að safna saman mjög miklu af efni um þennan stóra og metnaðarfulla heim sem varð hálfgerður neisti fyrir aðra höfunda til að hella sér í fantasíuna. Hann hafði rosaleg áhrif á það hvernig fólk hugsar um fantasíur.“

Bækur Tolkien hafa í gegnum árin verið nýttar í alls konar poppkultúr á borð við ódauðlegan kvikmyndapríleik Peter Jackson. Nýlega framleiddi Amazon þættina Rings of Power, dýrustu þáttaröð sem gerð hefur verið, sem féll misvel í kramið hjá fólki.

„Ég held að svo lengi sem Tolkien estate er með puttana í þessu þá sé þetta í ágætis höndum,“ segir Stefán. „Mér leist að mörgu leyti vel á Rings of Power þótt þeir væru ekki fullkomnir. Þeir fóru nýja og sérstaka leið til að sækja í Tolkienandann og ég veit að höfundar þeirra taka gagnrýni mjög alvarlega. Ég myndi segja að ég væri svona þokkalega bjartsýn á þetta.“ ■



### Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455



### Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



### Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Elskuleg eiginkona mín, móðir,  
tengdamóðir, amma og langamma,

### Álfhildur Pálsdóttir

Garðavegi 12,  
Hvammstanga,

lést á Sjúkrahúsinu á Hvammstanga  
25. desember. Útförin fer fram frá Hvammstangakirkju  
föstudaginn 6. janúar kl. 13.

#### Eggert Ó. Levy

Valdis Eggertsdóttir

Páll Eggertsson

Ingólfur Vignir Guðmundsson

Ragna Björk Georgsdóttir

ömmubörn og langömmubörn



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,  
afi og langafi,

### Jens Christian Sörensen

Háaleitisbraut 41, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans  
miðvikudaginn 28. desember sl. Útför hans  
verður gerð frá Garðakirkju á Álftanesi miðvikudaginn  
11. janúar kl. 13.

Heimir Örn Jenson

Gottskálf Jenson

Árni Már Jenson

Guðrún Friðriksdóttir

Annette Lassen

barnabörn og barnabarnabörn

# Að óttast ekki litlu skrefin

arnartomas@frettabladid.is

Grænkeráttakið Veganúar fer fram nú í janúar rétt eins og fyrri ár. Átakið er alþjóðlegt og felst í því að fólk tileinki sér hætti grænkerans út janúarmánuð og helst lengur.

Fjölmargir viðburðir verða haldnir í tengslum við átakið sem hefst formlega með upphafsundi í Bió Paradís klukkan 20 í kvöld. Þar fara sérfræðingar yfir hugmyndafræði veganisma og ávinning þess að taka upp grænkeralífsstíl, bæði fyrir einstaklinginn og umhverfið. Ein þeirra sem taka til máls á fundinum í dag er Rósa Líf Darradóttir, formaður Samtaka um dýravelferð á Íslandi.

„Ég ætla að fara yfir þessi helstu vandamál sem viðkoma dýravelferð á Íslandi,“ segir Rósa Líf. „Það er svoltið þannig að við Íslendingar erum gjörn á að telja okkur trú um að við förum vel með dýr. Ég ætla aðeins að fara betur yfir þau mál og þá sérstaklega dýr í matvælaíðnaðinum.“

Meðal annars mun Rósa Líf fara yfir blóðmerahald, loðdýrabúskap, hvalveiðar og þaueldi.

„Þetta eru dýr sem búa við ömurlegar aðstæður og velferð þeirra er fornað fyrir hámarksafurða,“ segir hún.

Sjálf hefur Rósa Líf verið vegan í eitt ár og þrjú mánuði en var grænmetisæta lengi fyrir þann tíma. Hún hvetur áhugasama um Veganúar að taka hlutunum ekki allt of alvarlega.

„Þótt þetta sé frábært tækifæri til að



Veganúar hefur stimplað sig inn í íslensku samfélagi á síðustu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

”

Ég ætla að fara yfir þessi helstu vandamál sem viðkoma dýravelferð á Íslandi.

Rósa Líf Darradóttir

prófa að vera vegan í einn mánuð þá á fólk ekki að vera hrætt við að taka þessi litlu skref – að taka einn vegan dag í viku til dæmis,“ segir hún. „Á dagskránni í Veganúar er mikið af viðburðum þar sem hægt er að fá ráðleggingar hjá fólki. Við lofum því að við erum mjög indæll og opin fyrir samtalinu!“

Hægt er að kynna sér dagskrá Veganúar í heild á heimasíðu átaksins. ■

+



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

**Guðjóns Hreins Danielssonar**

Ásvegi 19, Akureyri.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólksins á Öldrunarheimilinu Hlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

Anna Jóhanna Þorsteinsdóttir

Daniel Heiðar Guðjónsson

Porvaldur Garðar Guðjónsson

Erna Björg Guðjónsdóttir

Adam Örn Þorvaldsson

Aðalheiður Sigurjónsd.

Henrietta Kristinsdóttir

Gunnar Helgi Rafnsson

Rakel Þorgilsdóttir

afa- og langafabörn

+



Ástkær eiginmaður minn,

**Bergsveinn Jóhann Gíslason**

bóndi,

Mýrum í Dýrafirði,

lést 16. desember á

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði.

Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju

laugardaginn 7. janúar kl. 14.00.

Streymt verður frá athöfn: <https://fb.me/e/3f1BiMgRv>

Hlekk á streymi má einnig nálgast á [mbl.is/andlat](https://mbl.is/andlat).

Blóm og kransar afþakkaðir, en bent er á líknarfélögin.

Elinbjörg Snorradóttir (Lóa)

+



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Þórdís Gunnarsdóttir**

fýrrverandi talsímavörður,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri,

Ísafirði, á jólanótt. Útför fer fram frá

Ísafjarðarkirkju föstudaginn 6. janúar kl. 14.

Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðu

Viðburðastofu Vestfjarða.

Björn Jóhannsson

María Björk Jóhannsdóttir

Guðmundur Friðrik Jóhannsson

Kristín Álfhildur Bjarnad.

Benedikt Jónasson

Guðmundur Friðrik Jóhannsson

Dagný Rósa Pétursdóttir

ömmubörn og langömmubörn

+



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jónína Vigdís Ármannsdóttir**

Prestastíg 11, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi

mánudaginn 19. desember.

Útför hennar fer fram í Guðriðarkirkju

föstudaginn 6. janúar kl. 13.00. Þeim sem viljast minnst

hennar er bent á styrktarsjóð Múlabæjar, dagþjálfun

aldraðra og öryrkja, rnr. 0133-15-380757, kt. 580310-0440.

Sigurjón Ármann Einarsson Svandís Guðmundsdóttir

Brandur Einarsson

Guðni Bergur Einarsson

Jóns Einarsson

Lára Ásgeirsdóttir,

Hrönn Hallsdóttir

Guðmundur Jón Vilhelmsson

Langabörn og barnabarnabörn

+



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

**Þorbjörg J. Rafnar**

frá Seyðisfirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund

fimmtudaginn 22. desember.

Útför hennar verður frá Neskirkju

þriðjudaginn 10. janúar kl. 15. Sérstakar þakkir færur við

starfsfólki á deild V2 á Grund fyrir kærleiksrika umönnun

og hlýhug.

Ásthildur S. Rafnar

Jónína Þ. Rafnar

Andrea Þ. Rafnar

Halldór Friðrik Þorsteinsson

Bergljót Þorsteinsdóttir

Þórhallur E. Þorsteinsson

Hallgrímur Guðmundsson

Þórolfur Guðmundsson

Áslaug Guðmundsdóttir

Sunna Einarsson

Stefán Arnar Einarsson

Þorsteinn Ólafsson

Guðmundur Þorgrímsson

Benedikt Hreinsson

Steindóra Gunnlaugsdóttir

Magnús Stephensen

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

Erna Valentínusardóttir

Áslaug Ákadóttir

Unnar Garðarsson

Gunnar Örn Rögnvaldsson

Hrafnhildur Rafnsdóttir

barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.

## Dagskrá

## Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þóðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Undir yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.00 Vísindin og við** Vísindin og við er þáttaröð um fjölbætt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands. (e)
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Matur og heimili (e)**

## RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi (e)**
- 13.10 Kastljós (e)**
- 13.35 Útsvar 2016-2017 (Akureyri - Mosfellsbær) (e)**
- 14.50 Enn ein stöðin (3.20) (e)**
- 15.15 Meistarinn** Suzanne Osten (e)
- 15.40 Af hverju þyngist ég? (e)**
- 16.25 Með okkar augum (e)**
- 17.05 Íslendingar** Jónas Árnason (e)
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Pósturinn Páll.**
- 18.16 Skotti og Fló e.**
- 18.23 Drónarar**
- 18.45 Víkingaprinsessan Guðrún**
- 18.50 Lag dagsins** Úlfur úlfur - Hraði.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.00 Viðtal við David Williams**
- 20.20 Milljarðastrákurinn e.**
- 21.25 Vogun vinnur**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Sketsar og uppistand**
- 22.45 Eldfimt leyndarmál** Meghan er vinsæll áhrifavaldur á samfélagsmiðlum en Agatha vinnur á hilluraðari í stórmarkaði. Þær eiga fátt sameiginlegt annað en eitt eldfimt leyndarmál sem gæti steypt allri þeirra tilveru í glötun og að vera báðar komnar á steypirinn. Þegar þær hittast fyrir tilviljun fer af stað atburðarás með ófyrirséðum afleiðingum. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 23.30 Skylduverk. e.**
- 00.30 Dagskrárlök**

## Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist**
- 13.20 Love Island Australia**
- 14.05 My Big Fat Greek Wedding 2**
- 15.35 The Children Act**
- 17.30 Ferris Bueller's Day Off**
- 19.10 The Block** Ólík þör endurbýggja ónýtar íbúðir og búa til glæsileg hýbýli.
- 20.10 A Million Little Things**
- 21.00 FBI**
- 21.50 4400**
- 22.35 Joe Pickett** Í stórkostlegri náttúruferð um Wyoming-rikis er að finna smábæ sem geymir óhugguleg leyndarmál.
- 23.25 Peppermin**
- 01.05 Blue Story**
- 02.30 New Amsterdam** Læknadrama sem gerist á elsta ríkisspítalanum í New York.
- 03.15 Super Pumped**
- 04.15 Guilty Party**
- 04.45 Tónlist**

## Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.20 Between Us**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.20 Blindur bakstur**
- 09.55 Impractical Jokers**
- 10.20 Conversations with Friends**
- 10.50 Eldhúsið hans Eypórs**
- 11.20 The Carrie Diaries**
- 12.00 The Great British Bake Off**
- 13.00 Wipeout**
- 13.40 Listing Impossible**
- 14.20 Supergirl**
- 15.05 Vitsmunaverur**
- 15.30 The Masked Singer**
- 16.35 Manifest**
- 17.20 Bold and the Beautiful**
- 17.45 The Carrie Diaries**
- 18.25 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Shark Tank**
- 19.55 Masterchef USA**
- 20.30 Me and My Penis** Ljósmyndarinn Ajamu X fær til sín ólíka menn til að tala um typpið á sér.
- 21.25 War of the Worlds**
- 22.10 Unforgettable**
- 22.55 Tell Me Your Secrets** Beittir, síðferðislega flóknir og spennuþrungnir þættir frá 2021 um þrjá einstaklinga sem þurfa að horfast í augu erfiða fortíð.
- 23.40 Prodigal Son**
- 00.20 Between Us**
- 01.00 Impractical Jokers**
- 01.20 Conversations with Friends**
- 01.50 The Great British Bake Off**
- 02.50 Manifest**

## Fréttavaktin á nýju ári

Fréttavaktin á Hringbraut er á dagskrá kvöldsins klukkan 18.30. Að vanda er boðið upp á snörp og innihaldsrík fréttaviðtöl við fólk á öllum sviðum atvinnulífs, stjórnmála, menningar og íþróttar í umsjá þálfreyndra fréttamanna. Þátturinn er endurtekinn á tveggja tíma fresti fram eftir kvöldi og er auðvelt aðgengilegur á vef blaðsins, [frettabladid.is](http://frettabladid.is). ■



## Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

## LÁRÉTT

- 1 sveigur  
5 vesæl  
6 spil  
8 stulta  
10 tveir eins  
11 pili  
12 lykka  
13 fleygur  
15 púður  
17 skjálfa

## LÓDRÉTT

- 1 slengjast  
2 mokað  
3 miski  
4 andinn  
7 skemmtun  
9 urmull  
12 skjól  
14 fát  
16 borg

LÁRÉTT: 1 krans, 5 aum, 6 ás, 8 stíka, 10 tt, 11 rím, 12 hönk, 13 spæk, 15 tálkum, 17 tíra. LÓDRÉTT: 1 kastast, 2 rútt, 3 ami, 4 sálin, 7 samkoma, 9 krökkt, 12 hæll, 14 pat, 16 úr.

## Sudoku

		1		4	2	6	9	
								7
3		7	5	9		2		4
1		8	9		7	3	5	
		6	3					
7		9	1					8
		9			8	7		
6		5		3				
8		3	4					

			2	9	1		4	3
		7	3				2	
	3				6		9	
		2		8		5		
	5							
			9	1				6
5	3						7	
					9		6	8
8					7	4		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nýu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus



Eftir Frode Øverli

FKA

## FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 26. janúar gefur Fréttablaðið út sérblað um:

## KONUR Í ATVINNULÍFINU

Eitt stærsta blað og vinsælasta sérblað ársins kemur nú út 7 árið í röð. Frábært blað til að kynna konur í öllum stöðum í ykkar fyrirtæki.

Því fyrr því betra með að ná inn í blaðið og fá fina staðsetningu.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:  
Jóhann Waage Markaðsfulltúi Fréttablaðsins  
Sími 550-5656/ [waage@torg.is](mailto:waage@torg.is)

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.







# AVATAR

THE WAY OF WATER  
KOMIN Í BÍÓ

GOLDEN GLOBE AWARDS  
NOMINEE

BEST MOTION PICTURE

JAMES CAMERON, p.g.a. • JON LANDAU, p.g.a.

BEST DIRECTOR

JAMES CAMERON





Ragnar og Katrín eiga mest seldu bók ársins 2022. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Forsætisráðherra efst á metsölulista

tsh@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra á vinsælustu bók síðasta árs en bók hennar og Ragnars Jónssonar, Reykjavík glæpasaga, er efst á lista yfir mest seldu bækur 2022 í Pennanum Eymundsson.

„Mér finnst þetta voða gaman og allt í kringum þessa bók hefur verið mjög skemmtilegt, bæði að skrifa hana en ekki síður, sem kom mér ánægjulega á óvart, hvað fólk tók henni vel. Margir hafa gefið sig á tal við mig hér og þar með alls konar skóðanir á bókinni og yfirleitt jákvæðar. Það hefur bara verið gaman en líka er fólk að upplýsa alls konar kenningar og vanga-veltur,“ segir Katrín.

Spurð um hvort þetta gefi fyrirheit um fleiri bækur segir Katrín hláðandi: „Nú liggur leiðin náttúrulega bara niður á við, þannig að það er erfitt að koma með framhald.“

Hún bætir þó við að hún útiloki ekki hvað gerist síðar: „Það var bara sér ákvörðun að gera þetta. Ég ætla nú að taka mér hle frá skrifu- unum allavega um sinn en svo er aldrei að vita hvað gerist seinna.“

### Mest seldu bækur ársins 2022:

- Reykjavík glæpasaga**  
Ragnar Jónsson/Katrín Jakobsdóttir
- Játning**  
Ólafur Jóhann Ólafsson
- Independent People**  
Halldór Laxness
- Kyrrþey**  
Arnaldur Indriðason
- Sagas of the Icelanders**  
Ýmsir höfundar
- Eden**  
Auður Ava Ólafsdóttir
- Iceland in a Bag**  
Ýmsir höfundar
- Hamingja þessa heims**  
Sigríður Hagalín Björnsdóttir
- Gættu þinna handa**  
Yrsa Sigurðardóttir
- Keltar**  
Porvaldur Friðriksson

### LEIKHÚS

#### Ellen B. Verk eftir Marius von Mayenburg Þjóðleikhúsið

**Leikstjóri:** Benedict Andrews  
**Leikarar:** Ebba Katrín Finnsdóttir, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Benedikt Erlingsson

**Leikmynd og búningar:** Nina Wetzel

**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson

**Tónlist:** Gísli Galdur Þorgeirsson

**Hljóðhönnun:** Gísli Galdur Þorgeirsson og Aron Þór Arnarsson

**Þýðandi:** Bjarni Jónsson

Sigríður Jónsdóttir

Við ljúgum öll. En að hverjum? Öðru fólki? Mökum okkar? Okkur sjálfum? Hverjar eru ástæður lyga og hverjar eru afleiðingarnar? Hvenær verður hvít lygi hættuleg haugalygi? Erfiðum spurningum er varpað fram í jólasýningu Þjóðleikhússins en svörum er erfitt að henda reiður á. Ellen B. er fyrsti hluti af nýjum þrileik eftir þýska leikskáldi Marius von Mayenburg, annar hluti verður frumsýndur í lok janúar 2023 og sá þriðji næsta haust.

Ellen B. gerist á sama stað, í stofunni, og á sama tíma, í rauntíma. Átakavöldstund á milli þriggja einstaklinga sem allir hafa eitthvað að fela. Þrátt fyrir afmarkaða umgjörð snýst leikverkið um fortíðina og framtíðina, orsök og mögulegar afleiðingar. Hvað gerðist á milli þeirra þriggja? Hver er gerandinn? Hver er þolandinn? Marius von Mayenburg er eitt athyglisverðasta leikskáld Þýskalands um þessar mundir og í Ellen B. tekst hann á við stórar hugmyndir með stíl og form að vopni. Valdbeiting, kynjamisrétti, kynslóðabarátta og kynferðisleg misnotkun. Ekkert er honum óviðkomandi. En hver er Ellen B? Skuggi hennar svífur yfir stofunni á leiksviðinu ásamt Patriciu Highsmith, höfundu sem sérhæfði sig í sálfræðitryllingi, lygavefjum og misgöðu fólki.

#### Tilfinningarússíbani

Leikritið gerist á heimili Astrid, sem leikin er af Unni Ösp Stefánsdóttur. Astrid er venjulegur kennari í venjulegum skóla sem þráir framgang í sínu starfi og átakalaust heimilislíf en verður miðpunktur átaka. Unnur Ösp er upp á sitt besta í hlutverkinu. Hún spígsporar um sviðið eins og ljónynja í vörn, hörfar og klórar til skiptis, og fyllir upp í þagnirnar með stingandi augnaráði, stundum sárþænandi en stundum skipandi.

Kveikurinn að kvöldstundinni er koma Úlfs, skólustjóra skólans þar



Unnur Ösp Stefánsdóttir, Ebba Katrín Finnsdóttir og Benedikt Erlingsson fara með hlutverk Astrid, Klöru og Úlfs í leikritinu Ellen B. eftir Marius von Mayenburg sem frumsýnt var í Þjóðleikhúsinu annan í júlum. MYND/JORRI

## Léttvín, lygamyllur og langvarandi skaði

sem Klara, sambýliskona Astridar, stundaði nám og Astrid kennir. Benedikt Erlingsson mætir eins og eldibrandur, tilbúinn að kveikja í tilvist kvennanna til að fá sitt fram. Ekki er hægt að sjá að Benedikt hafi ekki staðið á leiksviði í áratug. Hann er skarpur, kómísku tímasetningararnar hárfinar og tilfinningarússíbani Úlfs er eftirminnilegur.

#### Hvati fyrir aðra

Klara, leikin af Ebbu Katrínu Finnsdóttur, hefur ímugust á Úlfi og margt að fela, líkt og hin tvö. En fyrir hvern? Klara er fremur óskrifad blað og þrátt fyrir sterkan leik á köflum, sérstaklega undir lokin, þá er Ebba Katrín fremur tilfinningalega flöt í hlutverkinu sem endurspeglar vankanta leikverksins. Klara fær sjaldan rödd heldur er notuð sem leppur fyrir átök Astridar og Úlfs, viðhengi í lífi Astridar. Klara hefur hefur lítið ákvörðunarvald og þar af leiðandi fábrotna gerendahæfni nema undir blálökin og óljóst er hverju hún hefur að tapa. Hið sama gildir með Ellen B. Þær eru aðallega hvatinn fyrir þróun annarra frekar en hvatakonur í eigin lífi.

Nina Wetzel hagnar leikmynd og búninga með naumhyggjuna að

”

Ellen B. spyr fleiri spurninga heldur en hún svarar og er merki- legt skref í sögu Þjóðleikhússins.

leiðarljósi. Við horfum á persónur verksins eins og í gegnum smásjá, ofan í ræktunarskál þar sem samfélagsleg vandamál samtímans fjölfaldast fyrir framan augu áhorfenda. Hljóðhönnunin og lýsingin styðja þétt við þessa fagurfræði, ofurbjart ljósið eins og gildra í bland við endurtekinn takt sem gæti verið hjartsláttur, skeiðklukka eða sprengjunniðurtalning.

#### Mannlegur harmleikur

Eftir langa fjarveru er ástralski leikstjórinn Benedict Andrews kominn aftur til að leikstýra í Þjóðleikhúsinu, heimsviðburður líkt og leikritið. Í staðinn fyrir íburðarmikla umgjörð og tæknibrellur fyrri sýninga Andrews í Þjóðleikhúsinu er allt strípað niður og eftir stendur

mannlegur harmleikur, barátta einstaklinga sem hann stjórnar virkilega vel. Hann hikar þó ekki við að teygja á raunveruleikanum, vinna gegn klassisku stofudramatikinni og minna áhorfendur á að þeir séu í leikhúsi. Ákvörðun Andrews um að færa leikinn inn í áhorfendasalinn færir persónur leiksins undan smásjálni, líkt og þær eigi sér undan- komuleið. Slíkt dregur úr sprengi- krafti sýningarinnar þó að sumar senurnar, þar á meðal þegar Klara situr úti í sal, virki ágætlega.

Ellen B. spyr fleiri spurninga heldur en hún svarar og er merki- legt skref í sögu Þjóðleikhússins, vonandi merki komandi tíma. Hér er á ferðinni eftirtektarvert leik- verk um atakafleti samtímans, bar- áttu kynslóðanna og persónulega ábyrgð. Ellen B. er leiksýning til að taka mark á og sjá þrátt fyrir vankanta. Merki leiksýningarnar eru nefnilega ekki þær gallalaus, ef þannig sýningar eru yfirhöfuð til, heldur þær sem vekja áhorfandann til umhugsunar. ■

**NIDURSTAÐA:** Kvíksjá lyga og mannlegs breyskleika sem heldur áhorfendum á tánum allan tímann.

## Sýnir verk á hátt í fimm hundruð auglýsingaskjálum

tsh@frettabladid.is

Glöggir vegfarendur hafa eflaust rekið augun í það að á auglýsinga- skiltum víða um höfuðborgarsvæðið sjást nú ekki hefðbundnar auglýsingar frá fyrirtækjum og verslunum heldur myndlistarverk. Um er að ræða sýningu á verkum Sigurðar Ámundasonar sem ber heitið Rétt- hermi en fyrirtækið Billboard, sem rekur auglýsingaskjál á höfuðborgarsvæðinu, stendur að verkefninu.

Sigurður segir verkið eiga rætur í póst-strúktúralisma, óræðni og efa: „Merkingarlaus vörumerki sem túlka ekkert en líta stórt á sig, bera númer og íslenska stafi í handahófs- kenndri röð. Tákn sem táknna tákn, sem snúast um sjálf sig, leiðarvisar sem í raun leiða ekki neitt.“

Billboard efndi í haust til opinnar samkeppni um myndlistarverk í



Sigurður Ámundason

almenningsrými í samstarfi við Y gallery og Listasafn Reykjavíkur undir heitinu Auglýsingahlé. Sýningin stendur yfir dagana 1. til 3. janúar 2023 og verður sýnd á yfir 450 auglýsingaskjálum Billboard um allt höfuðborgarsvæðið þannig að reikna má með að rúm 80 prósent höfuðborgarbúa muni sjá verk Sigurðar dag hvern.

„Það er alveg klinkað, ég er ekki alveg búinn að fatta þetta og á kannski ekkert eftir að fatta þetta fyrir en þetta er búð,“ segir Sigurður



Um þessar mundir sjást verk Sigurðar Ámundasonar á yfir 450 auglýsinga- skjálum Billboard víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. MYND/ADSEND

um það að sjá verkin sín svo víða.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Sigurður vinnur með merkingarlaus vörumerki í list sinni en Réttthermi er framhald seríu sem hann hefur

unnið að undanfarin ár og sýndi meðal annars í Hafnarborg 2022.

„Ég fattaði að þetta smellpassaði og væri góður kandidat í þetta verkefni. Þannig að mér fannst bara

sniðugt að sækja um þetta og bjóst ekkert endilega við að fá það,“ segir Sigurður en verk hans voru valin úr hópi yfir 40 umsækjenda.

„Ég er að leika mér með mjög dramatískt og rómantískt myndefni, svolítið intense. Auglýsingar eru það oft líka, eru með svona undarlegar áherslur, heimurinn er orðinn gifurlega fallgur af því þetta húðkrem er komið á markað. Algjör ýking,“ segir hann.

Sigurður tók þá ákvörðun fyrir nokkrum árum að vinna verk sem væru bara vörumerki.

„Ég er oft að vinna með manninn og náttúruna og í staðinn fyrir að teikna manninn sjálfan ákvað ég að taka afurð mannsins, tilfinninguna og það sem er að gerast í samtímanum. Ég vil meina að þetta sé ákveðið samtal við Edvard Munch og Ópíð,“ segir hann. ■

**SR3**

**STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
30 ÁRA**

# GEULLÖLD SVEIFLUNNAR

**PÁLL ÓSKAR  
REBEKKA BLÖNDAL – MARÍNA ÓSK**

**Glæsilegustu nýárstónleikar ársins!**

Sívinsælir sveiflutónleikar Stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930-50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Páll Óskar, Rebekka Blöndal og Marína Ósk.**

Stjórnandi & kynnr: Sigurður Flosason

- ▶ **8. JANÚAR**
- ▶ **KL. 20.00**
- ▶ **ELDBORG**

Miðasala á **HARPA.IS** og **TIX.IS**

## Þjóðin ánægð með skaupið

ninarichter@frettabladid.is

Ef marka má samfélagsmiðla ríkir nokkur einhugur meðal þjóðarinnar um áramótaskaupið, sem þykir hafa heppnast með allra besta móti. Við lítum á nokkur dæmi af Twitter.



**Elisabet Ronaldsdóttir**  
@ericedottie  
Ég sá skaupið, það var snilld. Til hamingju öll sem að komu.

**Olga Björt**  
@olgabjort72

Settu mig í stokk. Leggðu mig í nefnd og Sundabrautaðu yfir mig alla. Það er að myndast Vatnsmýri í buxunum mínum.



**Simmi Vil**  
@simmivil  
Besta kaup síðan 2013!

**Lobba**

@lobbsterinn  
Persónuleg skoðun en kötturinn í fangaklefanum var besti leikarinn!

**Theódór Ingi**

@TeddiLeBig  
Mjög gott kaup en ansi mörg nepo babies í framleiðslu þarna því miður.

**David Rist**

@David\_Rist  
Þetta er beittasta kaup sem ég hef séð and I'm all for it. Besta kaup sem ég hef séð.

**Hulda Tölgyes**

@hulda\_tolgyes  
Smá sein þar sem ég var að gefa barni brjóst og kúra í gærkvöldi. En takk og til hamingju með sturlað fyndið, hárbeytt og metnaðarfullt Skaup @harm saga og co. Þvílíkt listafólk.

**Maria Sólveig**

@majarokk  
Sigurður Ingi að labba, labba, labba var besta atriðið.



**Sóley Tómasdóttir**  
@soleytomasar  
Besta kaup sem ég hef séð í áratugi!

**Jón Trausti**

@jondinn  
Fokk hvað þetta er gott.

**Stefán Vigfússon**

@SVigfusson  
Þetta er auðvitað bara á einhverju öðru plani.



**Brynjólfur Þór Guðmundsson**  
@BrynThor  
Besta kaupið í allavega 20 ár.

**Bergmann blær**

@Lisaisalive  
Vinur minn kallaði skaupið slæmt svo ég blockaði hann.

**Gústi**

@gustibje  
Skaupið algjörlega glatað. Verð samt að gefa kredit á @GudniKlipp fyrir góða klippingu.

## Danir fagna með Margréti

Margrét Danadrottning bauð meðlimum konungsfjölskyldunnar, ráðherrum og fyrirmennum til veislu á nýársdag. Drottningin átti 50 ára krýningarafmæli á árinu sem leið. Athygli vakti þegar hún svipti fjögur barnabarna sinna konunglegum titlum í fyrra.

ninarichter@frettabladid.is



Atvinnumálaráðherra Dana, Ane Halsboe-Jørgensen hefur átt farsælan feril í stjórnmálum.



Margrét Danadrottning tignarleg í bláum kjól. Hún er fædd árið 1940 og því 83 ára á árinu.



Maria krónprinsessa glæsileg að vanda og Friðrik krónprins í viðhafnarbúningi.



Benedikta prinsessa er yngri systir Margrétar Danadrottningar, fædd 1944.



Viðskiptamálaráðherra Danmerkur, Sophie Løhde, stal senunni í hvítum galakjól.

Sophie Hæstorp Andersen hefur setið ár í embætti sem borgarstjóri Kaupmannahafnar.

## Gervigreindin gægist í Legó-kassann

ninarichter@frettabladid.is

Flestir lesendur ættu að þekkja Legó-kubbana dönsku frá Billund sem skemmt hafa börnum á öllum aldri í áratugi. Kubbarnir eru nett plastleikföng sem hægt er að festa saman með einföldu snertipunkta-kerfi. Kubbarnir eru til í alls konar útgáfum og varla má finna nokkuð undir sólinni sem ekki er hægt að túlka eða tjá með kubbunum.

Nú hefur gervigreindin heimsótt Legó-kassann.

Brickit er app sem er þróað til að skanna hrúgu af Legó-kubbum, þekkja hvern einasta kubb og gefa



Á vef fyrirtækisins segir að markmiðið sé að blása lífi í gamla Legó-kassann.

til baka hugmyndir um skemmtilega og fjölbreytta byggingarmöguleika úr þeim kubbum sem eru til.

Brickit-appið gefur nákvæmar leiðbeiningar um smíðina, en það er að sjálfsgöðu undir notandanum

komið hvort hann fylgi þeim í hvi- vetna eða noti uppskriftina eingöngu sem innblástur. Notendur geta hlaðið appinu í snjallsíma sér að kostnaðarlausu og hefur það verið þróað fyrir iOS- og Android-stýrikerfi.

Á vef fyrirtækisins segir að markmiðið sé að blása lífi í gamla Legó-kassann. Þar kemur fram að meginnotendur appsins séu börn á grunnskólaaldri og foreldrar þeirra, en þó sé appið til reiðu fyrir kubb- ara á öllum aldri.

Þar segir einnig að 1.600 vinsælustu kubbformin séu skráð í gagnagrunn appsins. ■



# ÚTSALAN ER HAFIN

30-40%  
AFSLÁTTUR

gallerisautjón *Kultur* COMPANYYS

SMASH —  
— URBAN

KARAKTER  
KONUR

*Kultur*  
menn

gs skór

GK  
REYKJAVIK

eva NTC.is

KRINGLAN • SMÁRALIND • MIÐBÆR




Tres Locos  
MEXICAN FIESTA



# Taco Loco

á þriðjudögum í janúar

Allar tegundir af taco á  
1.500 kr. 2 stk.



Borðapantanir á [treslocos.is](https://treslocos.is)

Hafnarstræti 4  
101 Reykjavík



@treslocos.rvk

Sími: 454 0333



Sigurjón Kjartansson segir höfundahópin hafa lagt upp með skaup með breiða skírskotun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Öruggur með skaupið snemma í ferlinu

Meðhöfundur og framleiðandi skaupsins, Sigurjón Kjartansson, er að vonum ánægður með jákvæðar viðtökur við frumsýningu gamlárskvölds. Aðspurður svarar hann að engir óánægðir Akureyringar hafi haft samband við hann.

ninarichter@frettabladid.is

Sigurjón Kjartansson, meðhöfundur og framleiðandi áramótaskaupsins, segir að hann gæti ekki verið ánægðari með viðtökur. Aðspurður hver leynisósan sé, svarar hann að höfundahópurinn hafi verið einstaklega vel samsettur. „Það má segja að frekar snemma í ferlinu hafi verið komin nokkuð skýr sýn varðandi hvernig skaup við vildum sjá,“ segir Sigurjón.

Hann segir hópin hafa lagt upp með að gera skaup með breiða skírskotun sem höfðaði til allra kynslóða. „Þarna erum við bara mætt, nokkrir grínistar með ómögulega uppskrift. Við förum að skoða það hvort hægt væri að gera eitthvað úr henni og það litur út fyrir að þetta hafi heppnast svona ljómandi vel,“ segir hann.

Sigurjón kveðst hafa verið öruggur með útkomuna þegar þátturinn fór í loftið á gamlárskvöld. „Ég var búinn að horfa á þetta nokkuð oft og búinn að liggja yfir handritinu í talsverðan tíma áður en þetta fór í framleiðslu,“ segir hann.

„Það var skrifað talsvert meira en var framleitt og tekið, þannig að við förum með gagnrýnum augum í gegnum þetta allt saman. Ég held að ég geti sagt að ég var orðinn mjög confident með þetta skaup frekar snemma í ferlinu.“

Sigurjón svarar þó aðspurður að engar líkur séu á því að afgangarnir af klippiborðinu rati í framleiðslu.

Akureyringar hafa ekki sett sig í beint samband við Sigurjón vegna gríns um lausagöngu katta í bænum. „Það hefur enginn hringt í mig þaðan, en ég veit ekki með aðra, sem koma að þessu skaupi. Það



Þetta var ofarlega á baugi hjá okkur, þessi umræða: Hvernig eigum við svo að slúta þessu? Þá kom þessi þæling, að bara búa til Gallup-könnun.

Sigurjón Kjartansson

getur verið að þau hafi fengið einhver viðbrögð,“ svarar hann.

Markaðsrannsóknir voru áberandi nýmæli í áramótaskaupinu. „Þetta kom upp í hópnum, þessi hugmynd að prófa,“ segir Sigurjón. „Lokalagið í Skaupinu hefur lengi verið vandræðastærð.“ Hann segist hafa fundið til kviða, stundum þegar hann horfði á eldri Skaup sem honum þótti skemmtileg, en lokalögin gátu verið algjörlega ófyndin. „Einhver predikunartónn sem hefur ekkert að gera með það fyndna sem var í Skaupinu,“ útskýrir hann.

„Þetta var ofarlega á baugi hjá okkur, þessi umræða: Hvernig eigum við svo að slúta þessu? Þá kom þessi þæling, að bara búa til Gallup-könnun. Fyrst ætluðum við bara að hafa þykjustu Gallup-könnun og plata aðeins og segja að þetta hefði allt verið gert samkvæmt könnun og þá gætum við gert hvað sem við vildum. En við ákváðum samt að tala við Gallup og þeir voru mjög til í að vinna með okkur,“ segir Sigurjón.

„Þeim fannst þetta svo sniðug hugmynd að það var ákveðið að kýla á eina alvöru könnun og fá fólk

til þess að tjá sig: Hvernig viltu að lokalagið sé? Hvernig boðskap viltu sjá, og svona alls konar. Svo var farið í kyn og aldur og hvaða flokk kaust þú í síðustu kosningum og svoleiðis. Með þessu fengum við fullt af mjög skemmtilegu efni til að skreyta þetta lokalag með.“

Sigurjón segir að Ásgeir í Stopwa- itgo, mikill fagmaður, hafi verið fenginn til að semja lagið. „Hann hefur samið marga hittara í gegnum tíðina,“ segir hann. Árangurinn lét ekki á sér standa. „Þetta bara mæltist mjög vel fyrir, þetta er frábært lag – algjör hittari að sjálfsögðu. Það er mitt persónulega uppahald í þessu lokalagi, að sjá Diddú taka gitarsóló.“

*Eru markaðsrannsóknir á gríni framtíðin?*

„Já, þetta er bara fyndið í sjálfu sér að gera Gallup-könnun á gríni.“

Hvað varðar eftirlætis skets Sigurjóns í Skaupinu svarar hann að Love Ráðhús hafi staðið upp úr. „Og Hún gleymdi poka í Bónus er einn af mínum uppáhalds í þessu skaupi.“

Stundin greindi frá því í nóvember að einn framleiðenda Skaupsins, fyrirtækið S800, væri í helmingseigu Sigtúns sem byggir nýja miðbæinn á Selfossi. Annar eigandi S800 er Sigurjón. Útgerðarmaðurinn Kristján Vilhelmsson, kenndur við Samherja, er stærsti eigandi Sigtúns. Aðspurður hvort umfjöllunin hafi kallað á endurskrif svarar Sigurjón:

„Nei, það var búið að taka upp þennan skets þegar þetta mál kom upp. Það sýnir hversu mikil áhrif Samherji hafði á efnistölk, eða hitt þó heldur,“ svarar hann.

Fjöldi verkefna er á döfinni hjá Sigurjóni á árinu. „Ég er með ýmislegt í pípunum. Ég er til dæmis með bíómynd sem ég þori ekki að segja mikið meira frá. Þetta verður gamanmynd. Ég skrifa hana og leikstýri. Ég stefni á að taka hana fljótlega og hvort náist að frumsýna á þessu ári verður að koma í ljós,“ segir Sigurjón.

„Svo er ég að vinna að einni sjónvarpsþáttaseríu sem ég vonast til að geta farið í tölur með á næsta ári.“ ■



# Hlaupum allt árið

Nýtt grunnnámskeið í náttúruhlaupum hefst um helgina.  
Kynningarkvöld verður haldið í kvöld kl. 19:30 í verslun okkar í Faxafeni.

Nánari upplýsingar á [natturuhlaup.is](http://natturuhlaup.is)



**Straumnes**  
GORE-TEX INFINIUM™ jakki

Straumnes jakkinn er vatnsfráhrindandi, vindheldur og hentar vel í hlaup, hjólreiðar og göngur. Endurskin á ermum.

39.000 kr.



**Snæfell**  
GORE-TEX INFINIUM™ hanskar

Tæknilegir útivistarhanskar fyrir svalt veður og vind. Hanskarnir eru með léttu gripmynstri og endurskini

8.900 kr.



**La Sportiva Jackal**  
Hlaupaskór

Millistífur hlaupaskór með góðum hæla- og ökklastuðningi. Hentar sérstaklega vel í utanvegahlaup.

28.900 kr.



**Básar**  
Merino ullarhúfa

Létt húfa úr 100% Merino ull. Merino ullin er sérstaklega vel til þess fallin að halda þér þurrum og hlýjum.

4.500 kr.



Verslaðu á [66north.is](http://66north.is)  
Fylgdu okkur á Instagram [@66north](https://www.instagram.com/66north)

## Bakþankar

Péturs Georgs  
Markan



## Hallandi hjarta

Við erum afsprengi halla möndulsins. Möndull jarðar hallar um 23,5 gráður sem er í raun lykill að skráargati alls sem skiptir máli.

Hallinn orsakar árstíðir og án þeirra væri ekki líf á jörðinni eins og við þekkjum það.

Frjósemin er í pólísambandi við árstíðirnar, elskar þær allar.

Ljósíð ris í einn tíma og skugginn breiðir úr sér annan tíma.

Útkoman líf.

Sérstada þessarar bláu einmana marmarakúlu er kannski ekki lífið eftir allt saman – heldur hin taktföstu náttúrubrigði sem gjörbreyta reglulega umhverfi, móta það og mynda moldarskaut jarðarinnar – hvar lífið gægist síðan út, teygir úr sér og hefur sig til við að yrkja daginn og dagana, árin og árþúsundin.

Sem sagt, við eigum allt undir afstöðu sem er ekki lóðbein, heldur hallar og orsakar þannig taktföst og um leið síbreytileg geðbrigði náttúrunnar.

Okkur er eðlislægt að vera bröndótt í hegðun og hugsun – halla örlítið í lífshallamálinu. Það heitir að vera manneskja, sem er stundum bara nokkuð erfitt, eins og segir í Sölku Völku.

En það er ekki það sem gerir okkur óhamingjusöm, heldur frekar stöðug þráhyggjuhugsun um að við eigum að vera fullkomin og líf okkar, skref fyrir skref, sigurbraut árangurs og markmiða sem nást.

Halli manneskjunnar gerir hana frjósama og mannlega – orsakar ris ljóss og skugga, heiðríkju hugans og þokudrungað hallandi hjarta. ■

**OPNUNARTÍMI:**  
MÁN - FÖS 14-18.30  
7.JAN: LAU 12-16.00  
8.JAN: SUN 13-17:00

**VÖLUTEIGI 17  
MOSFELLSBÆ  
SÍMI: 6600025**

**3-13 JAN**

# OPNUM NÝTT OUTLET!

## 20-70%

afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum af útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum rúmum, hvíldarstólum og sófum, lökum, rúmfötum...

**Mikið úrval af sængurverasettum.**

**50% afsláttur:**  
Handklæði, 50x100cm verð áður 990,- **Nú aðeins 445,-**  
Þvottastykki, áður 300,- **Nú aðeins 150,-**  
Koddaver stripe, 990,- **Nú aðeins 445,-**  
Koddafyllingar, 40x40 cm **250kr stk.**  
Damask lök, Twin 97cmx203cm, áður 8.900,- **Nú aðeins 4.450,-**  
Damask lök, Full 135cm áður 10.400,- **Nú aðeins 5.400,-**  
Hvít rúmteppi, nokkrar stærðir

- Mikið úrval af höfuðgöflum. Margar stærðir og gerðir. **Eitthvað fyrir alla!**
- Svört útlitsgölluð náttborð.
- Heilsukoddar verð 17.900,- **Nú aðeins 5.000,-**
- Ýmsir stuðningspúðar. **Verð 1.000,-**
- Nett hliðarborð nokkrar gerðir.

Grár lyftustóll með áklæði frá Boas:  
Verð áður: 149.900,-  
Nú aðeins: 99.900,-

Frábær tilboð í verslun á meðan útsölu stendur.

BALDURSNEI 6, AKUREYRI

LISTHÚSIÐ, REYKJAVÍK

**Svefn & heilsa**  
★★★★★  
WWW.SVEFNOGHEILSA.IS

**ORKAN**

**Frítt kakó**  
MEÐ ORKULYKLI